


HRÚTASKRÁ

2006 - 2007



**Sauðfjarsæðingastöð
Suðurlands**



**Sauðfjarsæðingastöð
Vesturlands**



GOÐI

★★★★
GOURMET
Lamb


...meiri harka -minna ryk

Betri áburður fyrir íslenskar aðstæður

- Meiri harka í kornum –minna ryk
- Jafnari kornastærð –betri dreifing
- Meira en 90% vatnsleysanleiki fosfórs
- Unnið eftir nýju gæðakerfi
- Þjónusta í héraði



Áburðarverksmiðjan



Gæði í hverri gjöf



Gott kjarnfóður er undirstaða arðbærrar framleiðslu búfjár!

Kúafóður

Fuglafóður

Hestafóður

Svínafóður

Hundafóður

Kanínufóður

Refafóður

Minkafóður

Fiskafóður

Kjarnfóður frá Fóðurblöndunni er úr völdum hráefnum og framleitt sérstaklega fyrir íslenskan markað. Við vinnum stöðugt að rannsóknum, þróun og endurbótum á fóðurvörum og sérfræðingar fyrirtækisins gefa góð ráð um allt sem varðar fóðrun búfjár.

Hafið samband við okkur og fáid upplýsingar um kjarnfóður, fóðursölt og fóðurblokkir.



FÓÐURBLANDAN
- gæði í hverri gjöf

Korngarðar 12 | 104 Reykjavík | Sími: 570 9800 | www.fodur.is

Formáli

Hrútaskráin lítur nú enn á ný dagsins ljós og er þetta áttunda sinni sem skráin er gefin sameiginlega út af báðum sauðfjársæðingastöðvunum. Eftirvænting eftir útgáfu ritsins fer vaxandi með ári hverju og er hún vinsælt uppflettirit langt fram yfir fengitíð ár hvert.

Mikil endurnýjun hefur orðið á hrútakosti stöðvanna milli ára en val hrúta á stöðvarnar verður stöðugt markvissara og byggir æ meira á niðurstöðum afkvæmarannsóknna og kjötmats þar sem jafnvel fleiri en eitt ár er lagt til grundvallar. Óheillavænleg þróun varðandi riðuveiki í Árnessýslu hefur því miður lokað þeirri sýslu á komandi árum gagnvart því að taka þaðan kynbótahrúta til notkunar á stöðvarnar. Þaðan komu á árum áður margir miklir kynbótagripir og því verður að hafa augun opin gagnvart nýjum möguleikum í þessu sambandi.

Sem fyrr er kappkostað að bjóða þá bestu mögulegu valkosti sem hægt er á hverjum tíma. Í vetur er að finna í hrútakosti stöðvanna góða valkosti hvað kjöt- og ullargæði varðar auk þess sem á stöðvunum eru fleiri mislitir og arfblendnir hrútar en nokkru sinni fyrr. Þá er reynt að uppfylla sérþarfir með framboði á ferhyrindum hrútum sem að þessu sinni eru tveir, sinn á hvorri stöð, auk þess sem forystuhrútar eru í boði eins verið hefur um langt árabil.

Hrútaskráin er að mestu óbreytt frá fyrra ári hvað framsetningu efnis varðar. Niðurstöður eru settar fram á töfluformi eftir því sem kostur er og í miðopnu skráarinnar er að finna samantekt úr lambhrútaskoðun 2006 og kynbótamat fyrir þá hrúta sem voru í notkun s.l. vetur og verða áfram sem og þá sem koma nýir á stöð. Eins eru birtar förgunarástæður þeirra hrúta sem fallnir eru frá síðasta ári.

Áfram eru birtir bæði lambs- og veturgamlir dómar hrútanna séu þeir fyrir hendi. Þar eru eyðurnar hins vegar meiri en áður þar sem víða er dómum veturgamalla hrúta hætt. Þá er hætt að birta brjóst- og spjaldmál en æ algengara verður að þessi mál séu ekki tekin við skoðun.

Niðurstöður kjötmats og kynbótamat er sett í töflu. Rétt er að taka fram að þegar átt er við gerð er verið að ræða um vaxtarlagsflokkun í sláturhúsi. Kynbótamat fyrir gerð og fitu er birt, sjá skýringar annars staðar í ritinu.

Margir hafa komið að útgáfu þessa rits. Lýsingar hrúta í skránni hafa Guðmundur Jóhannesson, Jón Viðar Jónmundsson og Lárus G. Birgisson samið. Ullarlýsingar eru unnar af Emmu Eyþórsdóttur. Myndir af hrútunum tóku þau Eiríkur Blöndal, Guðmundur Jóhannesson, Halla Eygló Sveinsdóttir, Lárus G. Birgisson og Pétur Halldórsson. Greinar rituðu Jón Viðar Jónmundsson og Þorsteinn Ólafsson. Sem fyrr er gagnaöflun fyrir hrútakost stöðvanna að mestu unnin af Jóni Viðari Jónmundssyni. Auglýsingasöfnun var að mestu í höndum Guðmundar Jóhannessonar, Helgu Halldórsdóttur, Ólafs G. Vagnssonar og Sveins Sigurmundssonar. Þessum aðilum er öllum þakkað gott starf.

Hrútaskrár stöðvanna er einnig að finna á heimasíðum Búnaðarsambands Suðurlands, www.bssl.is, Búnaðarsamtaka Vesturlands, www.buvest.is og Bændasamtaka Íslands, www.bondi.is, svo sem verið hefur. Þar er að finna sambærilegar upplýsingar og í þessu riti.

Það er von útgefenda að skráin verði sauðfjárræktendum og öðrum áhugamönnum um sauðfjárrækt til gagns og gamans auk þess að auðvelda hrútavalið í vetur.

Guðmundur Jóhannesson, ritstjóri



Sauðfjábændur

Framleiðum Kraftblöndu og Loðnuköggla fyrir sauðfé.
Efnasamsetning er reglulega endurskoðuð af ráðunautum.

Bústólpi ehf. Sími 460 3352

Forsíðumynd: Hraunbúar
Ljósm. © Sveinbjörg Sveinsdóttir

ISSN 1608-084X
Prentmet Suðurlands ehf., nív. 2006.

Frá Sauðfjársæðingastöð Suðurlands

Afgreiðsla á hrútasæði frá stöðinni hefst 1. desember og stendur til 21. desember. Sæðispantanir berist á netfangið sveinn@bssl.is deginum áður. Pantanir gegnum síma þurfa að berast fyrir kl. 9 á morgnana í 482-1920. Áður en sæðistaka hefst er hægt að panta sæði í síma 480-1800, eða hjá Sveini Sigurmundssyni í síma 480-1801 og 894-7146. Fax er 480-1818. Vefsíða er www.bssl.is og þar má finna hrútaskrána. Pantanir utan Suðurlands þurfa að berast með góðum fyrirvara og eðlilegt að þær fari í gegnum búnaðarsamböndin.

1. Verð á sæði. Sæðisskammturinn í eina á mun kosta kr 375,-. Magnafsláttur sem nemur 10 % er veittur þegar fjárræktarfélagin sjá um pantanir og skipulagningu heima fyrir og eða þegar 100 ær eða fleiri eru sæddar hjá einstökum bændum. Sama verð er fyrir frosið sæði. Ekki verða afgreiddar pantanir í færri en 3 ær. Verð á sæðingu fyrir utan akstur gæti verið á bilinu 175 kr til 215 kr á kind. Öll verð eru án vsk. Gera skal upp fyrir jól og í allra síðasta lagi fyrir áramót. Munið að skila hitabrusum.


2. Sæðingataeki. Þegar fjárræktarfélag sjá um skipulag sæðinga mun Sauðfjársæðingastöðin útvega sæðingataeki endurgjaldslaust, að öðrum kosti verða þau leigð fyrir kr. 2000,-. Stöðin útvegar og selur sæðingataeki til þeirra sem þess óska meðan birgðir endast.

3. Svæðisskipting. Lágsvæitir verða fyrstu 4 dagana, Skaftárhreppur og hluti Rangárvallasýslu næstu 4 daga og að lokum uppsveitir Árnassýslu. Síðustu árin hefur ásókn í sæði verið að færast fram

A. Frá 9.-12. des. Mýrdalur, Eyjafjöll, Landeyjar, Hvolhreppur, Djúparhreppur, Ásahreppur, og Flói.

B. Frá 13.-16. des. Skaftárhreppur, Fljótshlíð, Rangárvellir og Holta og Landsveit. Hrútasæði verður ekki afgreitt á önnur svæði dagana 13. og 14. des.

C. Frá 17.- 20. des. Uppsveitir Árnassýslu og vestan Ölfusár.



4. Sæðinganámskeið. Námskeið í sauðfjársæðingum verður haldið þann 5. desember að Stóra Ármóti og hefst kl. 13.30. Vanir sæðingamenn eru velkomnir.

Á síðasta ári voru 15.527 ær sæddar með sæði frá stöðinni hér á landi. Fryst sæði innanlands fór í 2.213 ær, og ferskt sæði í 13.314 ær. Þá voru 325 skammtar af frystu sæði sent til U.S.A og í fyrsta sinn í 207 ær til Kanada.

Með góðri kveðju og von um ánægjuleg samskipti.

Sveinn Sigurmundsson

Frá Sauðfjársæðingastöð Vesturlands

Sauðfjársæðingastöð Vesturlands er starfrækt af Búnaðarsamtökum Vesturlands (BV). Útsending sæðis frá stöðinni mun byrja 1. desember og standa til 22. desember, þó ekki sunnudagana 3., 10. og 17.

Dreifing sæðis og dagsetning sæðinga er ákveðin í samráði við ráðunauta viðkomandi svæða sem sjá síðan um frekari kynningu, hver á sínu starfssvæði.

BV hafa nú hætt að vera með sæðingamenn á sínum vegum enda orðið algengt að bændur sæði sjálfir eða í samvinnu við aðra. Þetta fyrirkomulag var samþykkt á formannafundi fjárræktarfélaganna í haust. Jafnframt var ákveðið að forsvarsmenn fjárræktarfélaganna útveguðu sæðingamenn ef á þarf að halda. BV munu dreifa sæðispöntunum á tilgreinda áfangastaði á fjarlægari svæðum.

Ákveðið hefur verið að halda tvö sæðinganámskeið á starfssvæði BV. Annað verður á Hesti laugardaginn 25. nóvember kl. 13:00, en hitt er enn ótímasett en verður haldið á Vestfjörðum í síðustu viku nóvember. Á Vestfjarðanámskeiðinu verður til viðbótar kennt meðferð á frystu sæði. Tilkynna skal um þátttöku á skrifstofu BV á Hvanneyri, s. 437-1215.

Pantanir á sæði og óskir um notkun einstakra hrúta verða í síðasta lagi að berast fyrir kl. 14:00 síðasta virka dag fyrir sæðingu í síma 437-1215 hjá Búnaðarsamtökum Vesturlands, fax 437-2015 eða netfang bv@bondi.is.

Nauðsynlegt er að hrútar til vara séu einnig nefndir. Reynslan hefur sýnt að sumir hrútar njóta þvítíkra vinsælda að pantanir á sæðisskömmtum úr þeim geta orðið allt að tvö- eða þrefalt það sem hrúturinn gefur þann daginn. Ljóst er að í slíkum tilfellum er von-

laust að afgreiða sæði svo öllum líki. Hrútaval á stöðvunum er orðið það gott að skynsamlegt er að dreifa notkun á nokkra hrúta, sæða jafnvel meira og fá meira úrval. Stundum passa hrútar misvel í hjarðir og því betra að dreifa notkun af þeirri ástæðu einnig.

Vinnureglur á Sauðfjársæðingarstöð Vesturlands eru þær að þau svæði sem hafa forgang viðkomandi dag njóta forgangs á vinsælustu hrútana í sama hlutfalli og pantanir viðkomandi svæðis eru í heildarpöntun dagsins.

Ef séð verður að nýting verði léleg á pöntuðu sæði þarf að tilkynna það til skrifstofu BV, fyrir kl. 9 að morgni sæðingadags svo sæðið geti nýst öðrum.

Gjaldskrá fyrir sæði: Aldrei er rukkað fyrir minna en 70% af pöntuðu sæði. Verð á hverjum skammti er eftirfarandi án vsk:

- Til bænda375 kr./sk.
- Til annarra en bænda (ekki búnaðargjaldsgreiðendur eða félagsmenn BV)882 kr./sk.
- Til bænda, búnaðarféлага og sauðfjárræktarféлага sem annast sjálf innheimtu og dreifingu, lágmark 100 skammtar.....338 kr./sk.

Skila skal sæðingadagbókum til uppgjörs fyrir áramót eða skrá sæðingar í töflu sem er aðgengileg á heimasíðu BV, www.buvest.is að öðrum kosti reiknast 10 % álag.

Af góðri reynslu er gert ráð fyrir að allar pantanir og innheimta fari í gegnum búnaðarsambönd eða leiðbeiningaþjónustur á hverju svæði.

Búnaðarsamtök Vesturlands

Jón Viðar Jónmundsson:

Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna haustið 2006

Nú er verulegur hluti hrúta á stöðvunum tilkominn í gegnum val úr sérstökum afkvæmarannsóknum á vegum stöðvanna sem í fyrsta skipti voru unnar haustið 2000. Það má fullyrða að reynslan hafi nú þegar sýnt að þessi framkvæmd á valinu hafi verulega bætt val á hrútum fyrir stöðvarnar. Með því að geta á þennan hátt borið saman úrvalshrúta af stærra svæði í sömu rannsókn fæst áreiðanlega miklu öruggara mat á hrútana en á annan hátt er hægt að fá. Á síðustu árum hefur til viðbótar í nokkrum rannsóknum verið mögulegt að hafa sama hrútahópinn í notkun á tveimur búum.

Rétt er að nefna hér fyrst að einn hrútur kemur nú inná stöð á grundvelli frekari skoðunar afkvæma haustið 2006 eftir góðar niðurstöður úr rannsókn haustið 2005, en það er Papi 04-964 frá Bjarnastöðum í Öxarfirði.

Hyrndir hrútar

Um áratuga skeið hafa verið unnar afkvæmarannsóknir á fjárræktarbúinu á Hesti. Þar hafa fyrst og fremst verið í prófun veturgamlir hrútar búans en haustið 2004 var byrjað að koma þangað í rannsókn álitlegum úrvalshrútum úr fjárskiptahólfinu. Að þessu sinni voru hrúturnir í rannsókninni 14. Niðurstöðurnar sýndu að þessu sinni meiri munur á milli afkvæmahópanna en oft hefur verið. Í heild var áreiðanlega þarna um að ræða mjög öflugan hrúta hóp sem var í rannsókninni. Tveir afkvæmahópar sýndu þarna afgerandi yfirburði gagnvart nánast öllum þáttum rannsóknarinnar. Þessir hrútar eru Kveikur 05-965 og Raftur 05-966. Eins og áður segir sýndu báðir þessir hrútar algera yfirburði bæði um vænleika og þunga lamba eins og fram kemur í umfjöllun um þá í skránni.

Umfangsmestu afkvæmarannsóknirnar hafa ætíð verið í Norður-Þingeyjarsýslu þar sem safnað hefur verið saman úrvalshrútum af svæðinu austan Jökulsár á Fjöllum til einnar rannsóknar. Í ár líkt og síðustu árin hefur rannsóknin verið unnin á tveimur búum sem hafa notað sameiginlegan hóp úrvalshrúta. Árið 2006 var þessi rannsókn í Garði og Hagalandi í Þistilfirði og var sameiginlegi hópur úrvalshrúta samtals sex hrútar. Þar við bættust fjórir heimahrútar í Hagalandi og í Garði fimm slíkir. Þannig voru samtals 15 hrútar í rannsókninni. Einn hrútur var fenginn á stöð úr þessari rannsókn, Fróði 04-963 frá Hagalandi, en hann sýndi afgerandi yfirburði í rannsókninni og sérstaklega voru yfirburðir í ómsjarmælingum ótrúlega miklir. Veturgamall hrútur á Hagalandi, sonur Fróða, sýndi mjög góðar niðurstöður og fær að spreita sig að nýju í hliðstæðri rannsókn á næsta ári.

Á Borgarfelli í Skaftártungu var rannsókn, þar sem vegna reglna sauðfjárveikivarna var aðeins mögulegt að vera með

heimahrútana. Samtals voru 13 hrútar í rannsókninni. Þessir hrútar voru ekki arfgerðargreindir fyrir en síðastliðið vor og grisjaði það því miður talsvert hópin sem var aðgengilegur fyrir stöðvarnar. Þarna voru glæsilegir lambahópar, mikill munur á hópum, en gott samræmi í dómum á hrútum og gimbrum á milli hópanna. Í rannsókninni voru margir synir bæði Hyls 01-883 og Lóða 00-871 og voru yfirburðir sumra Hylssonanna feikilega miklir. Ákveðið var að falast eftir þeim þeirra, sem greinst hafði með hlutlausu arfgerð, til nota á stöðvunum á grundvelli glæsilegrar niðurstöðu. Það er Hvellur 05-969.

Eins og verið hefur um langt árabil voru veturgömlu hrúturnir í Ytri-Skógum í rannsókn vegna stöðvanna. Að þessu sinni voru þetta sjö hrútar. Lömbin í rannsókninni voru að vanda fönguleg. Tveir hrútar þóttu sýna það mikla og athyglisverða yfirburði hjá afkvæmum sínum að þeir ættu erindi á stöðvarnar. Er þau Blettur 05-967 og Ljúfur 05-968. Vísast til umfjöllunar um þá í skránni.

Kollóttir hrútar

Kollóttir hrútar voru að þessu sinni aðeins í einni rannsókn, stórra rannsókn á Ströndum. Í þetta skiptið var rannsóknin í nyrðra hólfinu líkt og verið hefur tvisvar áður. Hún var nú í Bæ í Árneshreppi. Samtals voru 14 hrútar í rannsókninni, fjórir aðkomuhrútar og 10 heimahrútar. Þarna voru glæsileg lömb og greinilega góður hópur kynbótagripa. Tveir hrútar voru fengnir úr þessum hópi til notkunar á stöð og eru það Ljómi 02-971 og Máni 03-975, báðir fæddir á Melum 1. Báðir þessir hrútar hafa vakið verðskuldaða athygli þarna fyrir norðan á síðustu árum fyrir mikla yfirburði hjá afkvæmum sínum, en á það má benda að þeir eru sammæðra.

Niðurstöður allra rannsókna nema á Hesti er mögulegt að skoða á vef BÍ www.bondi.is. Þar má einnig skoða niðurstöður úr öllum slíkum rannsóknum fyrir stöðvarnar allt frá árinu 2000.

Sauðfjárræktarstarfi í landinu er það mikið nauðsynjamál að geta eftir þessar rannsóknir á komandi árum. Þar er nauðsynlegt að skoða möguleika á slíkum rannsóknum á svæðum sem til þessa hafa ekki verið með í þessu starfi. Váleg þróun riðuveiki í Árnessýslu hefur nú lokað því svæði fyrir stöðvarnar en á fyrstu árum þessarar starfsemi kom þaðan mikið af úrvals kynbótahrútum úr slíkum rannsóknum.

Hrútaskráin er á www.bsssl.is

Skýringar

Ómmæling: (H) Hollenskt ómtæki eins og notað er á Suðurlandi. (S) Skoskt ómtæki - er notað t.d. á Vesturlandi og sýnir um 2mm minni vöðvaþykkt en það hollenska. Fyrir þessum mun er leiðrétt varðandi niðurstöður úr lambhrútaskoðunum en ekki við birtingu talna úr afkvæmasýningum heima á bæjum. Ómsjarmælingar á hrútunum sjálfum eru óleiðréttar.

Ullarlýsingar: Emma Eyþórsdóttir (skst. EE), sérfræðingur hjá Landbúnaðarháskóla Íslands, hefur skoðað og gefið umsögn um ull sæðingahrútanna og fylgir hún með lýsingu hrútanna.

Gerð: Upplýsingar um vaxtarlagsflokkun í kjötmati einstakra hrúta eru umreiknaðar í vægistuðla fyrir gerð. Vaxtarlagsflokkunum er gefið eftirfarandi vægi; E=14, U=11, R=8, O=5 og P=2. Þannig þýðir 6,50 fyrir gerð að flokkun undan viðkomandi hrút hafi t.d. verið 50% í R og 50% í O. Eðlilegt er að meðaltal fyrir gerð lækki með auknum ásetningi undan viðkomandi hrút. Þá er rétt að menn hafi í huga þann mikla mun sem er í vænleika milli búna.

Fita: Á sama hátt eru gefnir vægistuðlar fyrir fituflokkun sem eru eftirfarandi; 1=2, 2=5, 3=8, 3+=9, 4=11, 5=14. Áhersla á meðaltal fyrir fituflokkun er í raun öfugt við vaxtarlagsmeðaltalið, því lægra sem fitumeðaltalið er því betra. Þarna verður á sama hátt að lesa varlega úr tölum og með hliðsjón af mismiklum vænleika.

Kynbótamat (BLUP) fyrir gerð og fitu: Kynbótamat er reiknað út frá upplýsingum úr kjötmati frá árunum 1998-2005. Því hærra sem kynbótamatið er því betra. Meðaltal er 100.

Úr skýrslum fjárræktarfélaganna: Vegna upplýsinga úr skýrslum fjárræktarfélaganna skal tekið fram að fyrir lömb er einkunn byggð á öllum lömbum. Einkunn um dætur hjá stöðvarhrútum er hins vegar aðeins byggð á dætrum þeirra frá árinu 2005, en ef upplýsingar eru úr heimafélagi eru þær byggðar á öllum upplýsingum um dætur hrútsins sem fram hafa komið þar.

Litaerfðir: Litaerfðir hjá íslensku sauðfé eru vel þekktar. Flestir hrútar á stöðvunum eru arfhreinir hvítir og undan slíkum hrútum fæðast aðeins hvít lömb. Ef hrútur er arfblendinn, en hvítur, getur hann einnig gefið aðra liti en hvítan. Mögulegt er að hrútar séu arfblendnir fyrir gráum, golsóttum eða botnóttum lit, eða hlutlausir, sem er lang algengast. Þá skiptir máli hvort hrúturinn erfir mórâuðan lit, en mórâuð lömb fæðast aldrei undan öðrum hrútum en þeim sem erfa þann lit. Síðasti þátturinn er að segja til um hvort hrúturinn erfir tvílit eða ekki. Rétt er að vekja athygli á því að sterk tengsl eru á milli litarerfða og hreinhvíta litarins á þann veg að hreinhvítar kindur búa yfirleitt ætíð yfir erfðavíum fyrir tvílit. Þannig má undantekningarlítið fá hreinhvít lömb undan þeim hrútum sem erfa tvílit, þó að þeir séu sjálfir ekki hreinhvítir. Tekið er fram ef vitað er hrúturinn geti gefið hreinhvít lömb leyfi móðurætt slíkt.

Arfgerðargreining v/riðusmits:

1. Verndandi arfgerðir. Mjög litlar eða litlar líkur á riðusmiti. Hafa ekki fundist í riðufé á Íslandi.
2. Hlutlaus arfgerð. Einhver hætta á riðusmiti. Algengasta arfgerðin í íslensku fé.
3. Verndandi og áhættuarfgerð. Hefur ekki fundist í riðufé, en ber að forðast vegna þess að helmingur afkvæma erfir áhættuarfgerð.
4. Áhættuarfgerðir. Mikil eða mjög mikil hætta á riðusmiti. Finnast marktækt oftar í riðufé en heilbrigðu fé. Helmingur afkvæma eða allir afkomendur erfa áhættuarfgerð eftir því um hvora arfgerðina er að ræða.

Áburðarpantanir

Pöntunarleiðir:

www.aburdur.is

Sölumenn í héraði

Þjónustumiðstöðvar okkar í verslunum Fóðurlöndunnar:

FB á Selfossi, Hvolsvelli og Egilsstöðvum

Áburðarverksmiðjan - Sími: 580 3200 - Fax: 580 3209 - netfang: aburdur@aburdur.is


Áburðarverksmiðjan

Sauðfjársæðingar

Þorsteinn Ólafsson

Inngangur

Ær ganga á 16 til 17 daga fresti frá nóvember og fram eftir vetri. Frjósemi þeirra er mest framan af þessu tímabili þ.e.a.s. á hefðbundnum fengitíma í desember. Ærnar eru blæsma í u.þ.b. 2 sólarhringa (24 til 60 klst.) en egglosið verður 30-36 klst. eftir að beiðslið byrjar. Sæðið lifir í allt að 24 klst. í leghálsi og eggjaleiðurum áнна.

Úti í náttúrunni fylgir æxlunarathöfninni vellíðan og heiladingullinn framleiðir oxytocin hormón, sem m.a. veldur samdrætti í leginu. Verði kindin hrædd eða stressuð framleiða nýrnahettunnar adrenalín sem kemur í veg fyrir oxytocinframleiðsluna og þar með eðlilegan flutning sæðisins úr leghálsi upp í eggjaleiðarana þar sem eggíð frjóvgast.

Af framangreindu er nokkuð augljóst að til þess að sæðingar gangi sem allra best þarf að tímasetja þær rétt miðað við egglos og ærnar þurfa að vera rólegar þegar þær eru sæddar. Norskar rannsóknir hafa sýnt að sæðingar með frystu sæði hafa borið bestan árangur ef sætt er 16 klst. eftir að leitað er að blæsma ám í hjörðinni. Þá má búast við því að flestar ærnar séu á heppilegum sæðingatíma.

Athuganir mínar fyrir nokkrum árum sýndu að hæsta fanghlutfallið eftir sæðingar var á stærstu fjárbúunum og þar sem aðeins voru fáar ær. Ég dreg þá ályktun af því að á þessum búum sé mest alúð lögð við féð. Á hreinu sauðfjárræktarbúunum eru engar kýr sem draga athyglina frá fénu og umgengnin um fjárhúsin er meiri en hún er á blönduðu búunum. Þar sem kindur eru mjög fáar er frístundabúskapur og kindurnar eru spök gæludýr. Að líkindum er minnsta stressið í sambandi við sæðingarnar á þessum búum.

Nokkur ráð til þess að ná góðum árangri í sæðingunum

Til þess að ná sem hæstu fanghlutfalli í sauðfjársæðingum mæli ég með eftirfarandi aðferð.

Daginn áður en á að sæða er farið í húsin fyrir hádegi og athugað hvaða ær eru blæsma. Þær ær sem þá eru að ganga verður of seint að sæða.

Snemma daginn sem á að sæða eru teknar til þær ær sem á að sæða og þær settar sér í stíu nærri hrúتونum. Það ættu að líða 6-7 klst. frá því að ærnar eru valdar þangað til þær eru sæddar. Þessi háttur er svo hafður á alla dagana sem sætt er.

Þegar kemur að sæðingunum er gott að vera búinn að gefa á garðann svo ærnar séu rólegar og fjárhirðirinn ætti að fara einn með sæðingamanninum í húsin. Hiti í húsunum ætti að vera rétt fyrir ofan frostmark.

Sæðinguna ætti svo að framkvæma í góðu ljósi án þess að ærnar séu dregnar eða reknar til í húsinu. Forðist að neinir aðrir en sæðingamaðurinn og fjárhirðirinn séu að þvælast í fénu.

Samstillingar

Margir velja þann kost að samstillja gangmál áнна sem á að sæða. Þannig geta menn sætt þær ær sem þeir vilja helst. Þeir þurfa ekki að láta sæða nema einn dag og burðurinn tekur styttri tíma.

Ókostir þess að samstillja ærnar eru að það kostar peninga og fanghlutfallið hefur verið heldur lakara en á ósamstilltum gangmálum.

Þegar ær eru samstilltar er sérstökum svampi sem inniheldur fósturlífsvaka komið fyrir í skeið ærinnar. Hann er hafður í skeiðinni í 14 daga. Réttur sæðingatími er 55 (50-60) klst. eftir að svampurinn er fjarlægður úr skeið ærinnar. Sæðinguna ætti að framkvæma eins og áður var lýst.

Sæðing á öðru gangmáli frá samstillingu

Nokkrir bændur hafa reynt að nýta kosti samstillingarinnar og halda fanghlutfallinu uppi. Þá hafa þeir samstillt á venjulegan hátt en ekki sætt fyrir en á öðru gangmáli. Flestar ærnar beiða 19 dögum eftir að svamparnir eru teknir úr. Hluti þeirra beiðir eftir 18 daga, en mjög fáar eftir 17 eða 20 daga.

Vinnulagsreglur

Sæðingar: Hiti yfir frostmarki, gott skipulag, róleghheit. Egglos 30 - 36 klst. eftir upphaf blæsmis.

Dæmi:

Sæðing kl. 15. Leitað í fénu kl. 10 daginn áður og blæsma ær merktar eða skráðar.

Leitað kl. 8 dagana sem á að sæða og valdar ær til að sæða.

Samstilling: Svampur hafður í 14 daga. Sæðing 55 klst. eftir úrtöku.

Dæmi:

Sæðing 15. desember kl. 15. Svampar settir í 29. nóvember. Svampur teknir úr 13. des. kl. 7.

Samstillt og sætt á öðru gangmáli. Svampur hafður í 14 daga. Sætt 18 og 19 dögum eftir úrtöku.

Dæmi:

Sæðing 15. desember kl. 15. Svampar settir í 13. nóv. Svampur teknir úr 27. nóv.

Leitað 15. des. kl. 8.

Sæðing 16. desember kl. 15. Leitað 16. des. kl. 8. 2/3 áнна að ganga.



Umsögn um hrúta Sauðfjarsæðingastöðvar Suðurlands árið 2006 - 2007


HYRNDIR HRÚTAR

Mál og stigun, lamb og veturgamall


Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2000	49	114	31/3/5(S)	8,0	8,0	9,0	9,0	9,0	17,5	7,5	8,0	8,0	84,0
2001	96	119	36/5/4(S)	8,0	8,5	9,0	8,5	9,0	18,0	7,5	8,0	8,5	85,0

Áll

frá Hesti, Borgarfirði.



FMF: Þéttir 91-931, MFF: Svaði 94-998, MMF: Hörvi 92-972.



Áll 00-868	2002	2003	2004	2005	2006
Fjöldi	260	179	253	182	129
Pungi	46	48	47	48	48
Fótleggur	109	110	111	110	111
Læri	16,9	17,0	16,9	17,2	17,2
Ull	7,9	7,8	7,8	7,9	7,9
Ómvöðvi	27,2	28,4	28,4	28,4	28,9
Ómfita	2,9	3,0	3,1	3,0	2,9
Lögun	3,7	3,9	3,9	3,9	4,0

Lýsing: Hvítur, hyrndur. Haus fríður og hornalag mjög gott. Kúptar vel holdfylltar herðar, breið bringa og mjög góðar útlögur. Bakið sterkt og vel holdfyllt. Malir ákaflega vel vöðvaðar. Feikilega mikill og vel lagaður lærvöðvi. Rétt fótstaða. Mjög jafnvaxinn, fríð og fönguleg kind.

hár í reyfi. Svört hár fundust ekki. Ullarmagn í tæpu meðal-lagi. Togið ekki mikið en sémilega fínt, gróf hár á mölum.

Reynsla: Í dag er Áll orðinn í hópi reyndustu og bestu kynbótahrúta hér á landi. Hann fer nú til notkunar sjötta ár á stöð, en þangað kom hann veturgamall á grunni mjög góðrar niðurstöðu úr afkvæmarannsókn á Hesti. Þúsundir afkvæma hans hafa síðan staðfest rækilega að hann er ótrúlega kostamikil kynbótakind. Haustið 2006 skipuðu lambhrútarnir undan honum sér nálægt toppnum hvort sem horft er á niðurstöður ómsjarmælinga eða stigunar. Afkvæmi hans eru ef til vill breytilegri en sumra annarra kynbótajöfra frá Hesti, en líklega hefur enginn þeirra skilað eins háu hlutfalli úrvals kynbótagripa og Áll. Þegar eru allmargir afkomendur hans í notkun á stöðvunum og fjölgar áreiðanlega mikið á næstu árum.

Mikill fjöldi dætra hans sem eru dreifðar um allt land hafa staðfest kosti sína rækilega bæði sem mjólkurlagnar og frjósamir afurðær.

Litaerfðir: Áll er arfhreinn hvítur - gefur hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Áhættuarferð.


Ullarlýsing EE: Gulur á fótum og í hnacka. Örlítið um gul

Mál og stigun, veturgamall

Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2001	88	117	37/4/5(S)	8,0	9,0	8,5	9,5	9,0	17,5	7,5	8,0	8,0	85,0

Lóði

frá Hesti, Borgarfirði.



Skyldleikaræktaður afkomandi Hörva 92-972 sem er MMF, FMMF og MFMF.



Lýsing: Hvítur, hyrndur. Haus heldur í lengra lagi, krapp-

Lóði 00-871		2002	2003	2004	2005	2006
LAMBHRÚTASÖBUN	Fjöldi	161	241	253	294	248
	Pungi	46	48	48	47	48
	Fótleggur	109	110	108	109	109
	Læri	16,8	16,9	17,1	17,1	17,1
	Ull	7,6	7,7	7,7	7,7	7,7
	Ómvöðvi	26,6	28,0	27,8	27,7	28,0
	Ómfita	3,0	3,0	3,3	3,2	3,0
	Lögun	3,6	3,7	3,7	3,7	3,9
KJÖTMAT					BLUP	
	Fjöldi					2041
	Gerð					121
	Fita					126
	Heild					124
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*						
LÖMB	Fjöldi					1608
	Einkunn					101
DÆTUR	Afurðaar					868
	Frjósemi					+9
	Einkunn					113

hyrndur með sver horn. Hálsinn stuttur og sver og fellur ákaflega vel að kúptum mjög vel holdfylltum herðum. Bakhöld einstök. Malir fremur stuttar og brattar en vel vöðvaðar. Kúptur og mjög þykkur lærvöðvi. Sterklegir fætur. Kviðléttur, fremur bolstuttur og virkar sem eitt kjötstykki í átaki. Skapillur.

Ullarlýsing EE: Gulur á fótum og í hnakka, gulur kragi á hálsi og mikið af gulum hárum um allan bol. Engin svört hár í ull. Ullarmagn í góðu meðallagi. Ull fremur jöfn en styttri á baki.

Reynsla: Lóði kom samtímis Áli 00-868 til notkunar á stöðvunum og er þar því nú sinn sjötta vetur. Segja má að síðan hafi þeir keppt um titilinn kynbótahrútur Íslands og eru í dag reyndustu kynbótahrútar í landinu. Kjöttgæðaeiginleikar afkvæma hans eru löngu vel þekktir. Þau hafa þykka og hvelfda vöðva og yfirleitt mjög litla fitu. Synir hans hafa í hundradatali bætt fitumat á búum þar sem þeir hafa komið til nota. Nokkur hópur sona hans og annarra afkomenda er einnig þegar í notkun á stöðvunum. Lóði hefur aldrei verið mikill sæðisgjafi og hefur notkun hans ráðist af því.

Dætur Lóða hafa reynst með afbrigðum vel sem afurðaar, þær eru bæði ágætlega frjósamar og mjólkurlagnar.

Litaerfðir: Lóði er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun, lamb og veturgamall													
Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2001	56	112	28/3/4(S)	8,0	8,5	9,0	8,5	9,0	17,5	8,0	8,0	8,0	84,5
2002	86	124	30/5/3(S)	8,0	8,5	8,5	8,0	9,0	17,5	7,5	8,0	8,0	83,0

Grímur

frá Staðarbakka, Hörgárdal



MFF: Gosi 91-945.



Lýsing: Hvítur, hyrndur. Sterklegur og svipmikill haus. Ákaflega breiðar og holdfylltar herðar og bringan sérlega

Grímur 01-928		2005	2006
LAMBHRÚTASÖBUN	Fjöldi	143	140
	Pungi	47	48
	Fótleggur	110	111
	Læri	17,1	16,9
	Ull	7,9	7,8
	Ómvöðvi	27,3	26,9
	Ómfita	3,2	2,8
	Lögun	3,7	3,8
KJÖTMAT			BLUP
	Fjöldi		677
	Gerð		122
	Fita		101
	Heild		109
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*			
LÖMB	Fjöldi		817
	Einkunn		101
DÆTUR	Afurðaar		36
	Frjósemi		+9
	Einkunn		106

* Einkunn f. dætur er úr heimafélagi.

breið og útlögur miklar. Bakhöldin góð og malir geysivel vöðvaðar. Mjög þykkur og öflugur lærvöðvi sem fyllir vel í krikann.

Fótstaða góð. Geysilega öflugur og skrokkmikill hrútur.

Ullarlýsing EE: Gulur á haus og fótum, með gulan hálskraga. Svört doppa í baki. Ullarmagn í tæpu

í meðallagi, þelið þykkt en togið stutt og lítið. Toggrófur í baki.

Reynsla: Grímur fer nú til notkunar á stöð þriðja árið í röð en hann kom þar fyrst til notkunar haustið 2004 á grundvelli einkar góðrar reynslu frá fæðingarbúi þar sem hann hafði verið notaður til þess tíma. Eins og föðurætt hans var þekkt fyrir hafði hann gefið sérstaklega góða gerð hjá sláturlömbum og dreifð notkun hans hefur staðfest þá reynslu. Undan honum hefur komið mikið af góðum hrútlömbum þau tvö ár sem hann hefur verið notaður á stöð. Sonur hans Goli 02-956 er nú kominn á stöð.

Talsverður hópur veturgamalla dætra hans kom fram á skýrslum vítt um land sumarið 2006 og frjósemi þeirra þá um vorið gefur góð fyrirheit um hann sem góðan ærföður.

Bent skal á að Grímur er í hópi þeirra stöðvahrúta sem hafa mótstöðuarfgerð vegna riðuveiki.

Litaerfðir: Grímur er arfblendinn hvítur með erfðavísi fyrir gráum lit og erfir tvílit en hefur ekki erfðavísi fyrir mórraudum lit - gefur hreinhvítt.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Verndandi.

Mál og stigun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2001	46	106	27/2/4(S)	8,0	7,5	8,0	8,5	9,0	17,5	8,0	8,0	8,0	82,5
2002	84	119	29/6/3(S)	8,0	7,5	8,5	8,0	8,5	17,0	8,0	8,0	8,5	82,0

Lubbi

frá Breiðabólstað, Fellsströnd.



Lýsing: Hvítur, hyrndur. Fríður, sterklegur haus með brúsk í enni og vel hyrndur. Mjög víður og útlögumikill brjóstkassi,

	Lubbi 01-940	2006
LAMBHRÚTASÖÐUN	Fjöldi	85
	Pungi	47
	Fótleggur	109
	Læri	17,2
	Ull	7,9
	Ómvöðvi	28,2
	Ómfita	3,1
	Lögun	3,9
KIÖTMAT		BLUP
	Fjöldi	167
	Gerð	142
	Fita	104
	Heild	119
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	211
	Einkunn	103
DÆTUR	Afurðaár	31
	Frjósemi	-9
	Einkunn	95

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

vottar fyrir háum herðum. Breitt og sterkt bak, feiknabreiðar og holdfylltar malir. Frábær lærahold. Fætur réttir. Nokkuð stýgg og skaphörð en ágætlega bollöng og prúð kind á velli.

Ullarlýsing EE: Gulur á haus og fótum en laus við gul hár í reyfi. Engin svört hár fundust. Þelið

þykkt en togið fremur misjafnt, lítið í baki og gróft á síðum. **Reynsla:** Lubbi var valinn til notkunar á stöð haustið 2005 á grundvelli einstaklega jákvæðrar reynslu sem hafði fengist af honum sem afburðaföður góðra sláturlamba heima á Breiðabólstað og rakin er í síðustu hrútaskrá. Því miður fékk hann ekki mikla notkun síðasta vetur, en þau lömb sem komu til skoðunar víða um land haustið 2006 renna styrkum stöðum undir það að Lubbi muni búa yfir feikilega miklum kostum til að gefa vöðvamikil og vel gerð lömb og mörg hrútlambanna úrtökugóð hrútsefni. Lubbi er því hrútur sem vafalaust á skilið margfalt meiri notkun en hann fékk á síðasta ári.

Dætur hans eru enn fremur fáar og hafa enn ekki sýnt frjósemi nema í tæpu meðallagi í samanburði við jafnöldur sínar á búinu. Þær reynast hins vegar mjólkurlagnar.


Litaerföir: Lubbi er arfhreinn hvítur - gefur hreinhvítt. **Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.


Mál og stigun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2001	47	107	28/5/3+(H)	8,0	8,0	8,0	8,0	8,5	17,3	8,0	8,0	8,0	81,5
2002	75	110	33/5/4(H)	8,0	8,0	8,5	8,5	8,5	18,0	7,5	8,0	8,0	83,0

Melur

frá Svínafelli I, Örfæfum





Lýsing: Melur er hvítur, hyrndur með fremur langan og þröttlegan haus. Vel holdfylltar herðar og bringan breið. Bakið breitt og þykkt, malir langar og vel holdfylltar og mjög góð lærahold. Fótstaða er rétt. Melur er bollöng, kviðlétt, sterkleg og gæf kind.

Melur 01-955		
KIÖTMAT		BLUP
	Fjöldi	259
	Gerð	138
	Fita	94
	Heild	112
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	274
	Einkunn	100
DÆTUR	Afurðaár	52
	Frjósemi	-4
	Einkunn	97

* Einkunnir f. lömb og dætur er úr heimafélagi.

Ullarlýsing EE:

Gulur í hnakka en fremur lítið um gul hár í reyfi. Engin svört hár fundust. Togið stutt, fíngert og hrokkið.

Reynsla: Melur er nýr hrútur á stöð og fenginn þangað til notkunar á grundvelli

jákvæðrar reynslu frá heimabúi. Hann hefur ætíð verið mikið notaður í Svínafelli og skilað þar afbragðsgóðum sláturlömbum. Haustin 2004 og 2005 átti hann hátt í hundrað sláturlömb hvort árið á búinu. Þau voru talsvert vænni en meðaltal búsin og um einum heilum yfir meðaltali búsin um gerð. Haustið 2005 var meðaltal um gerð sláturlambanna undan honum 9,9, en fitumat um meðaltal á búinu.

Dætur hans eru komnar með vissa reynslu sem bendir til að þær séu góðar mjólkuræur og um meðaltal með frjósemi sem er í samræmi við reynslu af föðursystur hans undan Prúði 94-834. Móðir Mels var tvílembingur á móti Mjölni 94-833 og var ágætlega frjósöm, tvílembd utan einu sinni og var með 5,4 afurðastig fyrir sex afurðaár.


Litaerfðir: Melur er arfhreinn hvítur

Arfgerðargreining v/ riðusmits: Hlutlaus.



Lambakjöt

Góða veislu gjöra skal...
með fersku hráefni frá
Fjallalambi

Mál og stígun, lamb

Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2003	50	111	31/3/5(S)	8,0	8,0	8,5	9,0	8,5	17,5	7,5	8,0	8,0	83,0

Lundi

frá Bergsstöðum, Vatnsnesi.



MFF: Bjálfi 95-802, MMFF: Hörvi 92-972.



Lýsing: Hvítur, hyrndur. Hausinn er þróttlegur, aðeins krapp-hyrndur. Vel holdfylltar herðar, breið bringa og miklar útlögur. Breitt, holdmikið bak. Breiðar, vöðvafylltar malir og vel lagaður, öflugur lærvöðvi. Fótstaða góð. Bollangur hrútur, gæfur og þrúður á velli.

	Lundi 03-945	2006
LAMBRÚTASKÖBUN	Fjöldi	362
	Pungi	49
	Fótleggur	111
	Læri	17,1
	Ull	7,7
	Ómvöðvi	27,6
	Ómfita	2,8
Lögun	3,9	
KJÖTMAT		BLUP
	Fjöldi	113
	Gerð	120
	Fita	137
Heild	130	

ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*

	Lundi 03-945	2006
LÖMB	Fjöldi	97
	Einkunn	96
DÆTUR	Afurðaaár	5
	Frjósemi	+31
	Einkunn	104

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

Ullarlýsing EE: Gulur á haus, fótum og dindli. Ekki gulur í reyfi og engin svört hár fundust. Ullin

mikil, þelið þykkt og mikið, togið meðalfint en aðeins strítt aftantil á baki.

Reynsla: Lundi kom til notkunar á stöð haustið 2005 þegar leyfi fékkst til að sækja hrúta á fjárbúið á Bergsstöðum á Vatnsnesi. Frá þessu landsþekktu afreksbúi hafði hann með sér feikilega glæsilegar niðurstöðutölur um afkvæmi þar heima á búinu. Lundi var feikilega mikið notaður síðastliðinn vetur og fleiri hrútlömb undan honum komu til skoðunar haustið 2006 en nokkrum öðrum stöðvahrútu. Afkvæmi hans voru talsvert breytileg að kostum, yfirleitt mjög fitulítill og meðal þeirra mjög góðir einstaklingar sem sýna að Lundi er öflugur kynbótahrútur með tilliti til kjötgæða þó að ljóst sé að yfirburðir hans í þeim efnum séu ekki slíkir sem sumir lásu úr tölum á síðasta ári.

Vegna ungs aldurs er mjög takmörkuð reynsla fengin um Lunda sem ærföður en sú reynsla ásamt ætterni hans gefa tilefni til að vænta mikils af honum í þeim efnum, en dætur hans og formæður hafa verið frjósamar og mjólkurlagnar.

Lítaerfðir: Lundi er arfhreinn hvítur.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.


Mál og stígun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2003	52	109	32/3/4(H)	8,0	8,0	8,5	8,5	8,5	17,5	8,0	8,0	8,0	83,0
2004	84	118	37/3/4(H)	8,0	8,5	8,0	9,0	8,5	17,5	8,0	8,0	8,0	83,5

Dregill

frá Hagalandi, Þistilfirði.





Dregill 03-947		2006
LAMBHRÚTASÖÐUN	Fjöldi	163
	Pungi	48
	Fótleggur	109
	Læri	17,1
	Ull	7,9
	Ómvöðvi	28,6
	Ómfita	3,1
Lögun	3,8	
KJÖTMAT		BLUP
	Fjöldi	168
	Gerð	134
	Fita	118
	Heild	124
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	62
	Einkunn	97
DÆTUR	Afurðaaár	3
	Frjósemi	+23
	Einkunn	101

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

Lýsing: Hvítur, hyrndur. Fremur langur, þokkalega vel hyrndur haus. Ágætar útlögur en aðeins háar herðar. Bakholdin góð og malirnar vel vöðvaðar. Lærvöðvinn er þykkur og öflugur. Fæturnir réttir og staðan góð. Nokkuð bollangur og samræmisgóður hrútur. **Ullarlýsing EE:** Gulur á haus, fótum og dindli,

talsvert um gult í reyfi en engin svört hár fundust. Ullarmagn í meðallagi. Togið fremur stutt en fínt.

Reynsla: Dregill kom á stöð haustið 2005 öðru fremur á grunni mjög góðrar niðurstöðu úr afkvæmarannsókn úrvalshrútanna í Norður-Þingeyjarsýslu þá um haustið. Þar höfðu komið fram skýrir yfirburðir hjá honum sem föður sláturlamba. Dregill var nokkuð notaður síðastliðinn vetur og kom stór hópur sona hans til dóms á þessu hausti. Þeir staðfestu að Dregill er mikil kostakind með tilliti til kjötgæðaeiginleika, þessir lambhrútar voru jafnvel gerðir með skýra kjötgæðaeiginleika og margir mjög föngulegar kindur á velli. Dregill hefur mjög takmarkaða reynslu sem ærfaðir en sú reynsla ásamt æterni hans gerir að í þeim efnum eru jákvæðar væntingar til hans.

Litaerfðir: Dregill er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.


Hrútaskráin er á www.bsssl.is

Fóður fyrir sauðfé!

Ærblanda - hágæða kjarnfóður fyrir sauðfé
Himag - steinefnablanda




LÍFLAND
Lynghálsi 3 • Sími: 540 1100
www.lifland.is



Mál og stígun, lamb

Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2003	48	110	32/3/4(H)	8,0	8,0	8,5	9,0	9,0	17,5	7,5	8,0	8,0	83,5

Gráni

frá Stóru-Tjörnum, Ljósavatnsskarði.
(keyptur frá Halldórsstöðum, Bárðardal)



Lýsing: Gráni er grár og hyrndur. Friður og þróttlegur haus. Herðar aðeins í hærra lagi en bringan breið og útlögur góðar. Sterkt bak og malir og læri holdgróin. Fætur réttir og fótstaða góð. Gráni er bollangur og sterklegur hrútur.

Ullarlýsing EE: Jafngrár um allt reyfi en liturinn í ljósara lagi. Þykkt og mikið þel. Togið stutt, hrokkið og meðalfínt.

Ullarmikill.

Gráni 03-957		BLUP
KJÖTMAT	Fjöldi	39
	Gerð	134
	Fita	107
	Heild	118
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	49
	Einkunn	108
DÆTUR	Afurðaar	4
	Frjósemi	+28
	Einkunn	106

* Einkunnir f. lömb og dætur er úr heimafélagi.

Reynsla: Gráni vakti strax at-
hygli veturgamall
fyrir ótrúlega
mikla yfirburði í
kjötmati slátur-
lamba undan
honum heima á
Halldórsstöðum.
Þar voru yfir-
burðir í mati fyrir
gerð yfir tvo

umfram meðaltal á búinu og einnig voru góðar ómmælingar hjá lömbunum undan honum. Lömbin voru einnig verulega vænni en meðaltal búins og fituflokkun um meðaltal. Haustið 2005 voru einnig skýrir yfirburðir í kjötmatinu hjá lömbunum undan honum og þau vænni en afkvæmi annarra hrúta á búinu. Haustið 2006 voru yfirburðir hans úr ómsjarmælingum ótvíraðir umfram aðra hrúta búins. Gráni hefur því mikla kosti með tilliti til kjötgæða.

Móðir Grána er útmetin afurðaar, hún var einlembd veturgömul, en hefur síðan tvisvar verið þrílembd, annars tvílembd og feikilega mjólkurlagin með 9,5 afurðastig. Takmörkuð reynsla af dætrum Grána gefur fyrirheit um að hann lifi upp til væntinga útfrá ætterni sem ærfaðir.

Litaerfðir: Eins og útlitið segir til um hefur Gráni erfðavísi fyrir gráum lit og einnig mun hann hafa erfðavísi fyrir mórauðum lit, en líklega ekki tvílit.


Arfgerðargreining v/ riðusmits: Verndandi.


Mál og stígun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2003	40	106	26/2/4(H)	8,0	7,5	8,0	8,0	8,5	16,5	8,0	8,0	8,5	81,0
2004	75	117	33/5/4(H)	8,0	8,5	8,5	8,5	8,5	17,5	7,5	8,0	8,0	83,0

Hyrnir

frá Meiri Tungu, Holtum.
(keyptur frá Kastalabrekku, Ásahr.)





Lýsing: Hvítur, ferhyrndur. Stuttur og sver haus, reglulega ferhyrndur. Stuttur háls, kúptar og holdfylltar herðar. Sterkt bak og breiðar, vel vöðvaðar malir. Lærahold góð. Góð fótstaða. Snotur kind á velli.

Hyrnir 03-958		
KJÖTMAT		BLUP
	Fjöldi	52
	Gerð	98
	Fita	100
	Heild	99
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	
	Einkunn	
DÆTUR	Afurðarár	
	Frjósemi	
	Einkunn	

Ullarlýsing EE: Gulur í hnacka og á fótum. Mikið um gul hár og svartar dopper í reyfi. Frekar ullarlíttill en reyfið jafnt.

Reynsla: Hyrnir er fenginn á stöð til viðhalds, varðveislu og kyn-

bóta á ferhyrnda fénu í landinu, m.a. með djúpfyrstingu sæðis úr honum. Hann var seldur að Kastalabrekku lambið og hefur ætíð verið notaður þar. Þessi hrútur er kominn á stöð vegna síns hornaskrúðs en er óvanalega vel gerð kind sem slíkur og hefur hefur verið að skila góðum lömbum, en fyrir það vakti hann athygli við skoðun lamba haustið 2005. Kjötmat lamba undan honum það haust var gott. Takmörkuð reynsla er um Hyrni sem ærföður en móðir hans hefur yfirleitt verið tvílembd.

Litaerfðir: Hyrnir er arfblendinn hvítur og að öllum líkindum með erfðavísi fyrir mórauðu..

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.



Öflugur - Hagkvæmur - Traustur Claas Celtis 456 RX



Staðalbúnaður

- 4 strokka Deere mótur með turbínu 102 hp
- 20/20 girrkassi
- Vökvakúpling í gírstöng
- Vökvavendigir og vökvamilligir
- 480/65 R24 og 580/65 R34 hjólbardar
- Frambretti og brettbreikkanir á afturbrettum

- Tveggja hraða aflúttak
- 69 lítra vökvafæði.
- 180 bara vinnuþrýsingur
- 4 stillanleg vökvauðttök tvívirk/einvirk
- Flæðistýring á vökvauðttak
- Vökvavagnbremsa
- Vökvalyftur dráttarkrókur
- Rafstýrt eða stangastýrt þritengibeisli
- 4600 kg samfelld lyftigeta á þritengibeisli


- Opnir beislisendar
- Loftpúðasæti
- Bólstrað farþegasæti
- Rúmgött ökumannshús
- Tog og veltistýri
- Geislaspilar
- Fjögur vinnuljós
- Hliðarpúst
- Kapallúga
- Og fleira og fleira

VÉLFANG VERKIN TALA

CLAAS

Gylfahlöt 24-30 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • Fax 580 8210 • velfang@velfang.is

CLAAS - bakhjarl bænda síðan 1913



Mál og stigun, lamb og veturgamall


Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2003	46	106	24/3/4(S)	8,0	8,5	8,0	8,0	8,5	17,0	8,5	8,0	8,0	82,5
2004	76	118	29/6/4(S)	8,0	8,0	8,5	8,5	9,0	17,0	8,5	8,0	8,0	83,5

Álfur

frá Klifmýri, Skarðsströnd.



MFF: Álfur 90-973.



03-960

Lýsing: Hvítur, vel hyrndur. Fremur stuttur og sterklegur haus. Stuttur og sver háls en vantar örlítið í fyllingu um herðar. Bolur vel hvelfdur. Bakið sterkt og vel vöðvað. Malirnar vel vöðvafylltar og lærvöðvinn þykkur og vel lagaður. Fótstaðan góð. Jafvaxin og hlutfallagóð kind.

Álfur 03-960		
KJÖTMAT	Fjöldi	BLUP 102
	Gerð	131
	Fita	123
	Heild	126
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	96
	Einkunn	102
DÆTUR	Afurðaar	3
	Frjósemi	-9
	Einkunn	101

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

Ullarlýsing EE:

Hreinhvítur.

Ullarmagn í góðu meðallagi, reyfið jafnt, hrokkið og meðalfínt. Engin svört hár í ull.

Reynsla: Álfur kemur úr sterkri ræktun á stóru fjárbúi á Klifmýri. Haustið 2004 sýndi hann

strax umtalsverða yfirburði í kjötmati sláturlamba undan honum. Haustið 2005 var hann í mjög umfangsmikilli afkvæmarannsókn á heimabúi þar sem kostir hans með tilliti til kjötgæða voru rækilega staðfestir, bæði með tilliti til fitu og gerðar. Þessir yfirburðir blasa einnig skýrt við í öfluglu BLUP mati hans fyrir kjötgæðapætti. Benda má á að móðurfaðir hans Sólon 96-468 er einn öflugasti ættfaðir fjárins á þessu stóra fjárbúi.

Móðir Álfs var einlembd gemlingsárið og tvisvar síðar ella tvílembd og hún hefur verið að skila góðum afurðum og er með 6,9 afurðastig. Nánast engin reynsla er enn komin á dætur Álfs en sú litla gefur góðar vonir.

Litaerfðir: Álfur er að líkindum arfblendinn hvítur og gefur tvílit, en aðeins er þekkt eitt tvílit afkvæmi undan honum þannig að frekar verður ekki sagt til um litaerfðir.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun, veturgamall

Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2005	86	115	34/3/5(S)	8,0	8,5	8,5	9,0	9,0	17,5	8,0	8,0	8,5	85,0

Gaddur

frá Hesti, Borgarfirði.



MMF: Fenrir 92-971.



04-950

Gaddur 04-950		2006
LAMBRÚTASKÖÐUN	Fjöldi	310
	Þungi	46
	Fótleggur	109
	Læri	17,1
	Ull	7,9
	Ómvöðvi	27,7
	Ómfita	2,8
Lögun	4,0	
KJÖTMAT		BLUP
	Fjöldi	36
	Gerð	114
	Fita	120
	Heild	118
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	37
	Einkunn	99
DÆTUR	Afurðaar	
	Frjósemi	
	Einkunn	

* Einkunn f. lömb er úr heimatfélagi.

Lýsing: Hvítur, h y r n d u r . Svipfríður og vel hyrndur. Sívalur bolur og góð holdfylling um herðar. Ákaflega þykkt og holdmikið bak og sérlega mikil holdfylling í mölum og lærum. Fótstaða góð. Jafnvaxinn og kviðléttur hrútur.

Ullarlýsing EE: Fölgulur á haus og fótum, örfá

gul hár í reyfi en engin svört hár fundust. Þelið jafnt og þykkt. Togið strítt, fremur gisið og gróft.

Reynsla: Gaddur var einn þeirra fjögurra hrúta sem kom til notkunar á stöðvunum haustið 2005 á grundvelli afkvæmarannsóknarinnar á Hesti þá um haustið. Þar höfðu komið fram miklir og skýrir yfirburðir hjá honum með tilliti til kjötgæðaeiginleika hvort sem horft er til fitu eða gerðar. Gaddur reyndist afbragðs sæðisgjafi og var því mjög mikið notaður í desember 2005 og mikill fjöldi afkvæma hans kom til skoðunar haustið 2006. Synir hans þar staðfestu góða kosti hans varðandi gerð lamba þó að lömbin væru aðeins breytileg.

Reynsla á Gadd sem ærföður er enn nánast engin önnur en að veturgömlu ærnar á Hesti voru frjósamar um meðallag og einnig vænleiki lamba hjá þeim. Móðir Gadds hefur verið öflug afurðær.

Litaerfðir: Gaddur er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Nýjung í búskaparhátum

Límtré Vírnet framleiðir 3 tegundir af gjafagrindum sem hver um sig hentar fyrir ákveðnar aðstæður.

Gjafagrind til notkunar úti eða á taði, fyrir allt að 30 kindur.

- Létt og meðfærileg
- Sterk
- Sauðfé brýtur ekki hornin á grindinni


Rúllugrind fyrir stórgripi.

- Frábær hönnun
- Mjög einföld í notkun
- Sterk og meðfærileg

Gjafagrind til notkunar innandyrna, fyrir allt að 70 kindur.

- Þrjár gerðir
- Sterk
- Auðveld í notkun
- Sérstakar slæðigrindur
- Sauðfé brýtur ekki hornin á grindinni

Íslensk hönnun



Límtré Vírnet

ÁREIÐANLEIKI - ÞJÓNUSTA - ÁRANGUR

Borgarbraut 74 310 Borgarnes Sími 530 6000 Fax 530 6069


www.limtrevirnet.is

Mál og stigun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2004	44	112	32/2/4(H)	8,0	8,0	9,0	8,5	8,5	17,5	7,5	8,0	8,0	83,0
2005	71	122	37/4/4(H)	8,0	8,0	8,0	8,5	8,5	17,5	8,0	8,0	8,0	82,5

Bobbi

frá Sveinungsvík, Þistilfirði.



MMF, Kúnni 94-997.



Bobbi 04-962		
KJÖTMAT	Fjöldi	36
	Gerð	138
	Fita	113
	Heild	123
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	42
	Einkunn	100
DÆTUR	Afurðaaár	
	Frjósemi	
	Einkunn	

* Einkunn f. lömb er úr heimatfélagi.

Lýsing: Hvítur, fínhyrndur. Fríður haus. Herðar ágætlega holdfylltar og bringan víð. Þykkt og sterkt bak og góð mala- og lærahold. Góð fótstaða. Jafnvaxinn og kviðléttur hrútur.

Ullarlýsing EE:

Gulur á fótum og dindli, töluvert gult í reyfi en engin svört hár. Ullarmagn í meðallagi. Þelið fínt og togíð lítið, stutt og fingert.

Reynsla: Bobbi var í vandaðri afkvæmarannsókn heima í Sveinungsvík haustið 2005. Hann sýndi þar feikilega mikla yfirburði í kjötmati sláturlamba, sem voru rúm 15 kg að meðalfallþunga með 10,2 að jafnaði fyrir gerð og 5,8 fyrir fitu. Einnig voru ómsjarmælingar lambanna góðar og lærahold þeirra áberandi mikil. Ákveðið var að hafa hann í einangrun fyrir stöðvarnar en skoða lömb undan honum að nýju haustið 2006. Þau staðfestu gífurlega mikla kosti hans í kjötgæðaeiginleikum og í hópnum hafa bæði árin verið nokkur úrtökugóð hrútlömb.

Móðir Bobba var einlembd veturgömul en hefur síðan ætíð verið tvílembd og skilað góðum dilkum og er með 6,8 afurðastig.

Litaerfðir: Bobbi mun vera arfhreinn hvítur.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2004	44	106	30/3/4(H)	8,0	8,5	8,5	9,0	9,0	18,0	8,0	8,0	8,0	85,0
2005	75	115	36/5/4(H)	8,0	8,0	8,5	8,5	8,5	17,5	8,0	8,0	8,0	83,0

Papi

frá Bjarnastöðum, Öxarfirði.



FMFF: Mjaldur 93-985, MMFF: Moli 93-986.



Papi 04-964			
KJÖTMAT	Fjöldi	BLUP	46
	Gerð		146
	Fita		90
	Heild		112
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*			
LÖMB	Fjöldi		50
	Einkunn		94
DÆTUR	Afurðaar		
	Frjósemi		
	Einkunn		
* Einkunn f. lömb er úr heimafélagi.			

Lýsing: Hvítur, krapphyrndur. Fremur langur haus. Breiðar, vel holdfylltar herðar og feikna víð bringa. Þykkt og vel vöðvað bak og malir. Gríðarlega þykkur og vel lagaður lærvöðvi. Góð fótstaða. Bollengd í góðu meðallagi.

Ullarlýsing EE: Gulur í hnakka og á fótum. Ekki mikið um gul hár í reyfi en svartar dopper á baki og herðum. Fremur ullarstuttur og magnið í tæpu meðallagi. Togið í grófara lagi. **Reynsla:** Papi var í feikilega stórrí rannsókn fyrir stöðvarnar haustið 2005 á Bjarnastöðum þar sem hann sýndi mjög mikla

yfirburði í ómsjarmælingum og gerð lamba. Niðurstöður úr kjötmati fyrir gerð voru frábærar eða 10,7 að jafnaði fyrir lömb sem voru 15,9 kg að meðalfallþunga. Sláturlömb voru fremur fá og fitumat þeirra að jafnaði 8,0. Ákveðið var að fá víðtækari reynslu á Papa með því að skoða að nýju lömb undan honum haustið 2006. Skoðaður var stór lambahópur undan honum og voru yfirburðir þeirra í ómsjarmælingum og læraholdum ótrúlega miklir og margt úrtökugóðra hrútsefna undan honum. Kjötmat sláturlambanna sem voru miklu fleiri en árið áður sýndu til viðbótar miklu hagstæðara fitumat en þá. Papi er að vonum lítt reyndur sem ærfaðir, en veturgömlu ærnar undan honum sýndu samt greinilega mjólkurlagni. Móðir Papa var geld gemlingsárið en hefur síðan verið tvílembd og hefur vænleiki dilka hjá henni verið í góðu meðallagi en hún er með 5,5 afurðastíg.


Litaerfðir: Papi mun vera arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun, veturgamall													
Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2006	84	114	40/2,8/5,0(S)	8,0	8,5	9,0	9,5	9,5	18,5	7,5	8,0	8,5	87,0

Raftur

frá Hesti, Borgarfirði.



FMF: Áll 00-868, MMFF: Moli 93-986.



Lýsing: Hvítur, hyrndur. Svipmikill og vel hyrndur. Hálsþykkur, vel fylltur um herðar og útlögumikill. Gríðarþykkur bakvöðvi og frábær mala- og lærahold. Góð fótstaða. Kviðléttur, mjög frísklegur en skapharður hrútur. Raftur er samanrekinn holdahnaus.

Ullarlýsing EE: Gulur á haus og fótum, töluvert gult í reyfi en engin svört hár fundust. Ullarmagn í tæpu meðallagi, togið fremur fínt.

Reynsla: Raftur er annar tveggja hrúta frá Hestsbúinu sem tekinn var á stöð haustið 2006 á grundvelli afkvæmarannsóknar þar. Sláturlömbin undan honum sýndu mikla yfirburði

um flesta þætti. Meðalfallþungi tvílembingshrútanna var 17,1 kg og meðaltal um gerð í kjötmati það hæsta eða 10,6 og fitumat að jafnaði 5,4. Þá var afkvæmahópurinn undan Rafti þriðji í röð með þykkt bakvöðva. Raftur virðist hafa náð að sameina á ótrúlegan hátt alla helstu kosti hinna þekktu forfedra sinna, Lóða 00-871 og Gára 02-904.

Móðir Rafts var tvílembd gemlingur og síðan nema hún átti þrjú lömb síðastliðið vor. Hún er með 5,4 afurðastíg.

Litaerfðir: Raftur er líklega arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Sæðispantanir

Sauðfjársæðingastöð Suðurlands:

Í netfangið sveinn@bssl.is daginn fyrir sæðingu eða í síma 482 1920 fyrir kl. 9 f.h. samdægurs.

Sauðfjársæðingastöð Veturlands:

Í netfangið bv@bondi.is eða í síma 437 1215 fyrir kl. 14. síðasta virka dag fyrir sæðingu.

Pantið tímanlega!

Mál og stigun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2005	42	105	28/5/4(H)	8,0	8,5	8,5	8,5	9,0	17,5	7,0	8,0	8,0	83,0
2006	87	115	39/6,0/5,0(H)	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	18,0	7,0	8,0	8,0	85,5

Blettur

frá Ytri Skógum (Sigurður Pétursson), Eyjafjöllum.

Ætt:



MFF: Garpur 92-808.



Lýsing: Grábíldóttur, mjög svipfríður og ákaflega vel hyrndur. Sérlega útlögumikill, breiður og holdfylltur frampartur. Bakið vel breitt, malir breiðar og ákaflega vel holdfylltar. Gríðargóð lærahold. Fótsaða góð. Ákaflega prúður og jafnvaxinn hrútur.

Ullarlýsing EE: Ullarmagn í góðu meðallagi og reyfið jafnt. Togið hrokkið og meðalfínt. Ákaflega lagðprúður.

Reynsla: Blettur var í vandaðri afkvæmarannsókn veturgömlu hrútanna í Ytri-Skógum þar sem hann sýndi ákaflega jákvæðar niðurstöður bæði við skoðun lifandi lamba og úr kjötmati. Meðalþykkt ómvöðva hjá lambhrútnum undan honum var 28,5 mm og meiri en hjá öðrum afkvæmahópum

og lærastig 17,1. Meðalfallþungi 16,6 kg með 9,7 fyrir gerð og 7,0 fyrir fitu. Blettur skilar þannig vöðvastæltum og vel gerðum lömbum. Vafalítið verður hann talsvert notaður í sambandi við ræktun á tvílitu fé, en hann er valinn til notkunar á stöð sem kynbótahrútur fyrir hyrnda féð í landinu.

Móðir Bletts var einlembd gemlingsárið en síðan tvílembd utan einu sinni einlembd og hefur skilað góðum lömbum og er með 5,1 afurðastig.

Litaerfðir: Undan Bletti á að vera mögulegt að fá alla liti vegna þess að hann erfir tvílit og mórauðan lit en eigin útlit upplýsir bæði erfðavísi fyrir gráum lit og tvílit, gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2005	49	111	33/3/4(H)	8,0	8,5	8,5	9,0	9,0	17,5	9,0	8,0	8,5	86,0
2006	86	118	35/4,9/4,0(H)	8,0	8,5	8,5	8,5	9,0	18,5	9,0	8,0	8,5	86,5

Hvellur

frá Borgarfelli, Skaftártungu.

Ætt:



MFF: Vinur 99-867, MFMF: Deli 90-944,
MMFF: Bútur 93-982, MMMF: Hnykkur 91-958.

Lýsing: Hvítur, hyrndur. Svíplíkur föður sínum, Hyl. Mjög vel holdfylltar herðar og útlögur góðar. Langt, breitt og sterkt bak og ákaflega vel vöðvafylltar og langar malir. Sérlega góð lærahold og þykkt lærvöðva með allra mesta móti. Góð fótsaða. Sterklegur, feikna bollangur og frísklegur hrútur en nokkuð stygður og skapharður.

Ullarlýsing EE: Hreinhvítur og engin svört hár fundust. Ullarmagn í meðallagi. Togið fínt en ekki mikið. Þelið jafnt. Góður gljái.

Reynsla: Hvellur er valinn til notkunar á stöð á grundvelli mjög góðrar niðurstöðu úr afkvæmarannsókn fyrir stöðvarnar á Borgarfelli á þessu hausti. Þar átti Hvellur sérstaklega glæsilegan




lambahóp. Fyrir lambhrútana fékk hann 160 í einkunn úr skoðun lifandi lamba, en þeir voru með 29,8 mm bakvöðva að jafnaði og 17,6 í lærastig. Sláturlömb höfðu 17,9 kg meðalfallþunga og voru með 11,4 fyrir gerð og 7,6 fyrir fitu en mjög hátt hlutfall lamba undan Hvelli var valið til ásetnings.

Móðir Hvells var einlembd gemlingurinn, tvílembd sem tvævetla en síðan einlembd á síðasta vori en er góð mjólkurær með 6,4 afurðastig.

Litaerfðir: Hvellur er líklega arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.






Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Reykholt | 410 4151
Selfoss | 410 4152
Hvolsvöllur | 410 4182



Traustur
bakhjarl bænda



KOLLÓTTIR HRÚTAR

Mál og stigun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2001	60	116	30/5/3(H)	8,0	8,0	9,0	8,0	9,0	17,0	8,0	8,0	8,5	83,5
2002	107	121	37/6/3(H)	8,0	8,5	8,5	8,5	9,0	18,0	8,5	8,0	8,5	85,5

Langidalur

frá Úthlíð, Skaftártungu



Lýsing: Hvítur, kollóttur. Hausinn er sver og þróttlegur. Ákaflega sver háls sem fellur mjög vel að sívölum en ekki útlögumiklum bolnum. Bakið er breitt og vel vöðvað. Malirnar breiðar og vel vöðvafylltar. Lærvöðvinn er vel lagaður og mikill. Gleið og mjög sterkleg fótstaða.

	Langidalur 01-931	2005	2006
LAMHRÚTASÖÐUN	Fjöldi	174	138
	Þungi	48	48
	Fótleggur	112	111
	Læri	17,0	17,0
	Ull	8,1	8,1
	Ómvöðvi	26,5	27,3
	Ómfita	3,7	3,5
Lögur	3,5	3,6	
KIÖTMAT			BLUP
	Fjöldi		577
	Gerð		104
	Fita		114
Heild		110	
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*			
LÖMB	Fjöldi		724
	Einkunn		101
DÆTUR	Afurðaar		19
	Frjósemi		+12
	Einkunn		108

* Einkunn f. dætur er úr heimafélagi.

Langidalur er feykilega bol-langur og sterklegur hrútur auk þess að vera mjög gæfur og mannelstur.

Ullarlýsing EE: Alhvítur og ekki fundust nein svört hár í ull. Fremur ullarmikill, reyfið jafnt og ullin meðalfín, þó örlítið votti fyrir grófu togi á baki. Þelið þykkt og mikið.

01-931

Reynsla: Langidalur er nú sitt þriðja ár á stöð en haustið 2004 kom hann þar fyrst til notkunar sem einn þeirra álitlegu sona Dals 97-838 sem leitað var að fyrir stöðvarnar þegar hann féll frá of fljótt. Langidalur hefur verið mikið notaður þau tvö ár sem hann hefur verið á stöð. Fjöldi hrútlamba hefur komið til skoðunar bæði haustin eftir notkun hans. Þau hafa verið aðeins breytileg að gerð en meðal þeirra verulegur fjöldi vel gerðra hrútlamba, sem nú eru í notkun á fjárbúum vítt um land. Sláturlömb undan honum haustið 2005 sýndu að hann erfir vel kosti föður síns um hagstætt fitumat og góða gerð lamba. Nokkuð hefur borið á hnýflóttum og hyrndum hrútlömbum undan Langadal.

Takmörkuð heimareynsla Langadals sem ærföður lofar góðu en upplýsingar fyrir talsverðan fjölda veturgamalla dætra hans voruð 2006 benda til að þær feti tæpast í fótspor föðursystra sinna um frjósemi sem ungar ær.

Litaerföir: Langidalur er arfblendinn hvítur og hann erfir tvílit en hins vegar ekki mórauðan lit. Hann gefur því hreinhvít lömb.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Þjónustumiðstövar fyrir bændur

– hjá okkur finnur þú fleira en þig grunar

FÓÐURBLANDAN
 FB Reykjavík sími 570 9800
 FB Seifossi sími 482 3767
 FB Hvolsvelli sími 487 8413
 FB Egilsstöðum sími 570 9860
 Bústólpi sími 460 3350
 www.fodur.is



Mál og stigun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2002	48	114	30/3/4(S)	8,0	8,0	8,5	9,0	8,5	18,0	8,5	8,0	8,0	84,5
2003	97	123	33/5/4(S)	8,0	8,5	8,5	8,5	9,0	17,5	9,0	8,0	8,5	85,5

Ormur

frá Heydalsá (Halldóru og Guðjóni),
Steingrímsfirði

Ætt:



02-933

FFF: Sónar 97-860, Bylur 98-562 var hálfbróðir Dals 97-838 og Kosta 98-895.

	Ormur 02-933	2005	2006
LAMBRÚTASKODUN	Fjöldi	87	172
	Pungi	50	49
	Fótleggur	113	113
	Læri	17,0	17,0
	Ull	8,2	8,1
	Ómvöðvi	27,9	28,3
	Ómfita	3,3	3,1
Lögun	3,7	3,8	
KJÓTTAT			BLUP
	Fjöldi		264
	Gerð		93
	Fita		136
Heild			119
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*			
LÖMB	Fjöldi		288
	Einkunn		104
DÆTUR	Afurðaar		8
	Frjósemi		-24
	Einkunn		96

* Einkunn f. er úr dætur heimafélagi.

Lýsing: Hvítur, kollóttur. Hausinn fríður og þróttlegur. Holdugur, stuttur og sverháls. Bringan djúp og herðarnar prýðilegar en útlögur í tæpu meðallagi. Bakið sterkt og vel holdfyllt. Mjög breiðar og vel vöðvaðar malir. Lærahöldin mikil og öflug, vel lagaður og þykkur lærvöðvi. Sterk fótstaða og rétt.

Ormur er fremur bollöng, ákaflega kviðlétt og öflug kind.

Ullarlýsing EE: Alhvítur og engin svört hár í ull. Mjög ullarmikill enda þelið mjög þykkt. Togið meðallangt og fremur fíngert, aðeins styttra í baki. Ákaflega ullarprúður.

Reynsla: Ferill Orms sem stöðvarhrúts hófst haustið 2004 þegar hann kom þar eftir glæsilegar niðurstöður fyrir afkvæmi í stórra afkvæmarannsókn úrvalshúta á Ströndum þá um haustið. Ormur hefur verið örlítið misgæfur sem sæðisgjafi og því komið færri lömb en ella undan honum en samt stórir hópar. Hrútlömbin hafa verið talsvert breytileg, en í þeirra hópi hafa verið hvað glæsilegustu kollóttu lömbin í landinu þessi tvö haust. Þau einkennast af feikilega miklum þroska og betri hluti þeirra er ákaflega vel vöðvaþykkur og vel gerður.

Sú takmarkaða reynsla sem fengin er um dætur hans bendir til að þær séu ekki frjósamar umfram meðaltal sem ungar ær, en ætterni gefur góð fyrirheit fyrir hann sem ærföður.

Litaerfðir: Ormur er arfblendinn hvítur, hann gefur tvílit og mórautt. Hann gefur því einnig hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Pöntunarafsláttur

Öllum pöntunum sem berast fyrir 1. maí fylgir tilboð í flutninginn

15% ef pantað er fyrir 15. janúar

10% ef pantað er fyrir 1. mars

5% ef pantað er fyrir 1. maí

Að auki er 5% staðgreiðsluafsláttur fyrir 15. janúar 2007

Áburðarverksmiðjan - Sími: 580 3200 - Fax: 580 3209 - netfang: aburdur@aburdur.is

Áburðarverksmiðjan

Mál og stigun, lamb og veturgamall


Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2002	40	110	26/3/4(S)	8,0	8,0	8,5	8,5	8,5	17,5	8,5	8,0	8,5	84,0
2003	88	121	30/7/5(S)	8,0	8,5	8,5	8,5	9,0	18,0	9,0	8,0	8,5	86,0

Ljómi

frá Melum 1, Árneshreppi.

Ætt:

Ljómi 02-971



MMF: Stúfur 97-854. Ljómi er sammæðra Mána 03-975.



02-971

Ljómi 02-971		
KIÖTMAT	Fjöldi	BLUP 159
	Gerð	125
	Fita	109
	Heild	115
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	183
	Einkunn	102
DÆTUR	Afurðaar	28
	Frjósemi	+6
	Einkunn	107

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

Lýsing: Hvítur, kollóttur. Sver, þróttlegur og fríður haus. Breiðar herðar og útlögur góðar. Breitt bak og fremur langar, breiðar og vel holdugar malir. Þykkur lærvöðvi sem lokar vel í krika.

Fótstaða góð.

Bollangur, jafnvaxinn og sterklegur hrútur.

Ullarlýsing EE: Hreinhvítur og engin svört hár í reyfinu.

Ullarmikill. Þykkt þel en togið fremur gróft.

Reynsla: Strax veturgamall vakti Ljómi athygli með því að

skipa sér í efsta sæti í afkvæmarannsókn á heimabúi þar sem hann keppti við mikið hrútaval. Í enn umfangsmeiri rannsókn haustið 2004 var það aðeins hálfbróðir hans Máni sem skákaði honum. Haustið 2005 endurtók hann enn leikinn og var í öðru sæti. Síðan var hann í stórri rannsókn fyrir stöðvarnar í Bæ síðastliðið haust. Þar gaf hann mikið af mjög vel gerðum lömbum, lömbin undan honum þau vænstu í rannsókninni og með hæst meðaltal um gerð 10,3 en fitumat sláturlambanna var ekki eins hagstætt í samanburði við aðra hrúta og áður. Í ljósi mikillar og góðrar reynslu var ákveðið að fala hann til notkunar á stöðvunum.

Ákveðin reynsla er fengin um Ljóma sem ærföður sem lofar góðu þar um en móðir hans er traust afurðær, sem var einlembd gemlingsárið en síðan tvílembd og er með 6,8 afurðastig.

Litaerfðir: Ljómi er arfhreinn hvítur.**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.**Mál og stigun, veturgamall**


Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2004	81	119	32/6/4(S)	8,0	8,5	9,0	8,5	9,0	18,0	7,5	8,0	8,0	84,5

Spakur

frá Broddanesi, Broddaneshreppi.

Ætt:


Spakur 03-976



Spakur er aðeins skyldleikaræktaður þar sem Hnykill 97-095 er bæði MF og FFF.



03-976



Spakur 03-976		
KJÖTMAT		BLUP
	Fjöldi	76
	Gerð	134
	Fita	101
	Heild	114
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	89
	Einkunn	105
DÆTUR	Afurðaar	6
	Frjósemi	+30
	Einkunn	105
* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.		

Lýsing: Hvítur, kollóttur. Fremur stuttur og þróttlegur haus. Kúptar, vel fylltar herðar og útlögur góðar. Kúpt bak og mjög vel holdfylltar malir. Þykkur og mikill lærvöðvi sem fyllir vel í krikann. Góð fót-

vegna eigin kosta, góðs ætternis og góðrar reynslu sem lambafaðir á heimabúi. Haustið 2004 sýndu sláturlömbin undan honum að hér var athyglisverður hrútur á ferðinni og haustið 2005 slóu þau út alla aðra hrúta á búinu sem sumir eru samt landsþekktir kynbótahrútar. Meðalfallþungi sláturlambanna var 18 kg, þau voru með 10,8 að meðaltali fyrir gerð og 7,1 fyrir fitu og einkunnir í uppgjöri búnsins voru 146 fyrir gerð og 118 fyrir fitu. Undanfarin haust hefur fjöldi öflugra hrútsefna verið undan honum á hverju ári.

Takmörkuð reynsla dætra hans lofar góðu en móðir Spaks hefur verið mikil afurðaaer, einlembd gemlingur og síðan einu sinni, tvisvar þrilembd, annars tvílembd og hefur 7,2 afurðastig.

Litaerföir: Spakur er arfblendinn hvítur, en hefur gefið bæði mórauðan lit og tvílit, þannig að undan honum á að vera mögulegt að fá alla liti, gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

staða. Jafnvaxinn og kviðléttur hrútur.

Ullarlýsing EE: Gulur á haus og fótum og nokkuð um gul hár í ull. Ullarmikill, þelið þykkt en tugið fremur gróft og langt.

Reynsla: Spakur er nýr hrútur á stöð og er þangað kominn

**Sölufélag Austur Húnavetninga
óskar sauðfjárþændum til hamingju
með þann árangur sem náðst hefur
með markvissu kynbótastarfi.**




Hrútar til sérpöntunar

Ákveðið hefur verið að bjóða upp á sæði úr nokkrum hrútum á yfirstandandi fengitið sem felldir verða að henni lokinni. Hér er um að ræða eldri hrúta sem ekki eru í hrútaskrá en þykja hafa ákveðna kosti fram að færa.

Varðandi upplýsingar um þá vísast til eldri hrútaskráa.

Hyrndir:

- Moli 00-882** Miklir kjötgæðaeiginleikar — góð gerð
Rektor 00-889 Flekkóttur — kjötgæði í góðu meðallagi - afburða ærfaðir
Otur 00-910 Miklir kjötmatseiginleikar — verndandi riðuarfgerð
Eldar 01-922 Fjarskyldur öðrum stöðvarhrútum — lítil fitusöfnun
Kári 03-908 Mikil ullargæði



Hyrndir hrútar		Lambhrútaskoðun														Ómmæling			BLUP			Afdrif
Nafn	Inr	Fjöldi	Pungi	Fótl.	Haus	H+h	B+U	Bak	Malir	Læri	Ull	Fætur	Samr.	Allis	Ómv.	Ómf.	Lögun	Fita	Gerð	Heild	Afdrif	
Áll	00-868	129	47,5	110,5	8,0	8,2	8,4	8,5	8,5	17,2	7,9	8,0	8,2	82,7	28,9	2,9	4,0	120	115	118	Laugard.	
Lóði	00-871	248	47,6	109,1	8,0	8,1	8,4	8,3	8,5	17,1	7,7	8,0	8,2	82,2	28,0	3,0	3,9	126	121	124	Laugard.	
Hylur	01-883	230	46,6	109,1	8,0	8,1	8,3	8,5	8,5	17,1	8,1	8,0	8,2	82,8	29,2	2,9	4,0	134	115	126	Borgarn.	
Eldar	01-922	70	47,2	108,7	8,0	8,1	8,4	8,1	8,4	17,1	8,0	8,0	8,1	82,3	26,4	2,9	3,7	111	106	109	Laugard.	
Grímur	01-928	140	47,9	110,9	8,0	7,9	8,4	8,2	8,4	16,9	7,8	8,0	8,1	81,7	26,9	2,8	3,8	101	122	109	Laugard.	
Lubbi	01-940	85	47,4	109,3	8,0	8,0	8,3	8,4	8,5	17,2	7,9	8,0	8,2	82,5	28,2	3,1	3,9	104	142	119	Laugard.	
Melur	01-955																	94	138	112	Laugard.	
Lómur	02-923	288	45,7	107,8	8,0	8,1	8,4	8,4	8,5	17,1	7,8	8,0	8,1	82,5	28,7	3,1	3,8	120	133	125	Borgarn.	
Oddur	02-942	156	44,0	109,6	8,0	8,0	8,3	8,2	8,5	16,9	7,9	8,0	8,1	81,9	27,7	3,0	3,8	101	134	114	Borgarn.	
Kjalvar	02-943	142	45,0	107,8	7,9	8,1	8,3	8,3	8,4	17,1	7,8	8,0	8,2	82,2	28,3	2,8	3,8	116	125	120	Borgarn.	
Goli	02-956																	99	130	111	Borgarn.	
Lundi	03-945	362	48,5	111,3	8,0	8,0	8,4	8,3	8,5	17,1	7,7	8,0	8,2	82,1	27,6	2,8	3,9	137	120	130	Laugard.	
Busi	03-946	219	46,8	108,6	7,9	8,0	8,3	8,5	8,5	17,1	7,8	8,0	8,1	82,4	29,0	2,8	4,1	125	113	120	Borgarn.	
Dregill	03-947	163	47,6	109,2	8,0	8,1	8,4	8,4	8,4	17,1	7,9	8,0	8,1	82,3	28,6	3,1	3,8	118	134	124	Laugard.	
Mangó	03-948	139	45,9	108,1	8,0	8,0	8,4	8,4	8,5	17,0	7,7	8,0	8,2	82,2	28,4	3,2	3,9	114	132	121	Borgarn.	
Fjarfi	03-949																	96	97	96	Borgarn.	
Gráni	03-957																	107	134	118	Laugard.	
Hymir	03-958																	100	98	99	Laugard.	
Höfðingi	03-959																	84	137	105	Borgarn.	
Alfur	03-960																	123	131	126	Laugard.	
Kækur	03-961																	120	124	122	Borgarn.	
Gaddur	04-950	310	45,7	109,2	7,9	8,1	8,3	8,3	8,4	17,1	7,9	8,0	8,2	82,3	27,7	2,8	4,0	120	114	118	Laugard.	
Mímir	04-951	243	45,8	107,8	8,0	8,2	8,5	8,5	8,5	17,2	7,8	8,0	8,1	82,8	28,5	3,1	4,1	105	137	118	Borgarn.	
Bramli	04-952	56	45,3	109,3	8,0	7,9	8,2	8,5	8,5	17,1	7,9	8,0	8,3	82,3	29,0	2,5	4,0	142	99	125	Borgarn.	
Bobbi	04-962																	113	138	123	Laugard.	
Fróði	04-963																	103	134	115	Borgarn.	
Papi	04-964																	90	146	112	Laugard.	
Kveikur	05-965																				Borgarn.	
Raftur	05-966																				Laugard.	
Blettur	05-967																				Laugard.	
Ljúfur	05-968																				Borgarn.	
Hvellur	05-969																				Laugard.	

Kollóttir hrútar		Lambhrútaskoðun										Ömmæling			BLUP			Afdrif			
Nafn	Inr	Fjöldi	Pungji	Fótl.	Haus	H+h	B+U	Bak	Mailr	Læri	Ull	Fætur	Samr.	Alls	Ómv.	Omf.	Lögun	Fita	Gerð	Heild	2005
Partur	99-914	111	47,6	109,7	7,9	8,1	8,2	8,3	8,4	17,0	8,1	8,0	8,1	82,2	28,2	3,1	3,8	122	115	119	Borgarn.
Erpur	01-919	61	48,3	113,0	7,9	8,1	8,2	8,2	8,4	17,0	8,3	8,0	8,2	82,1	26,8	3,3	3,7	127	110	120	Borgarn.
Langidalur	01-931	138	48,4	111,2	7,9	8,0	8,3	8,2	8,4	17,0	8,1	8,0	8,2	82,2	27,3	3,5	3,6	114	104	110	Laugard.
Ormur	02-933	172	48,5	112,8	8,0	8,1	8,3	8,3	8,5	17,0	8,1	8,0	8,3	82,6	28,3	3,1	3,8	136	93	119	Laugard.
Móri	02-935	79	48,6	110,5	8,0	8,0	8,0	7,9	8,2	16,7	7,5	8,0	8,1	80,2	25,6	3,3	3,3	109	115	111	Borgarn.
Ljömi	02-971																	109	125	115	Laugard.
Sömi	02-972																	93	123	105	Borgarn.
Fengur	02-973																	123	114	119	Borgarn.
Frakksson	03-974																	108	132	118	Borgarn.
Máni	03-975																	119	138	127	Borgarn.
Spakur	03-976																	101	134	114	Laugard.
Lykill	03-977																	122	128	124	Laugard.
Mókollur	03-978																	110	109	110	Laugard.

Forystuhrútar		Afdrif
Nafn	nr	2006
Trígull	04-939	Laugard.
Loftur	04-970	Borgarn.

Sýnatökubor
til heysýnatöku
 þegar vanda skal til verka
 kannaðu málið

BÜREKSTRARDEILD
 BORGARNESI
 Sólbakka 8 - 310 Borgarnesi
 Afgræðsla sími 430 5620 - Fax 430 5621

...alltaf heitt á könnunni

Föllinir hrútar 2005-06 - ástæður	
Túli	Felldur - fullnotaður
Arfi	Felldur - fullnotaður
Trassi	Felldur - fullnotaður
Moli	Felldur - fullnotaður
Rektor	Felldur - fullnotaður
Tímon	Felldur - fullnotaður
Otur	Felldur - fullnotaður
Snúður	Felldur - fullnotaður
Hnokki	Felldur - fullnotaður
Toppur	Drapst afvelta
Pokki	Drapst afvelta
Sólon	Felldur - fullnotaður
Úði	Felldur v/liðakökkunar
Dímon	Felldur - fullnotaður
Leifur	Felldur - fullnotaður
Hækill	Felldur - fullnotaður
Frosti	Felldur - fullnotaður
Týr	Felldur - lærbrotnaði
Tumi	Felldur - gaf ekki sæði
Virki	Felldur v/kviðslits
Lási	Felldur - fullnotaður
Kári	Felldur - fullnotaður
Kuldi	Felldur v/liðabólgu
Múkki	Felldur - gaf ekki sæði
Kútur	Felldur v/liðabólgu
Rússi	Felldur - fullnotaður

Mál og stígun, lamb

Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2003	50	110	28/4/4(S)	8,0	8,0	8,0	8,5	8,5	17,0	8,5	8,0	8,0	82,5

Lykill

frá Syðsta Ósi, Miðfirði.

(keyptur frá Syðri Reykjum, Miðfirði)

Ætt:



03-977

MMFF: Broddi 85-892.

Lykill 03-977		
KJÖTMAÞ	BLUP	
	Fjöldi	34
	Gerð	128
	Fita	122
	Heild	124
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	51
	Einkunn	107
DÆTUR	Afurðaaár	4
	Frjósemi	+16
	Einkunn	101

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

Lýsing: Hvítur, kollóttur. Sver og þróttlegur haus, ávalar og ákaflega vel holdfylltar herðar. Sívalur og vel víður brjóstkassi. Bak og malir ákaflega vel vöðvafyllt og læraholdin ágæt. Fótstaðan góð. Mjög jafn-, síval-

Reynsla: Lykill er fenginn á stöð á grundvelli góðrar reynslu sem lambafaðir á Syðri-Reykjum þar sem hann hefur ætíð verið notaður. Sláturlömbin undan honum haustið 2004 voru fá en sýndu ótrúlega hagstætt mat bæði fyrir gerð og fitu. Yfirburðir hans fyrir mun stærri sláturlambahóp haustið 2005 voru einnig afgerandi, þau voru 16,6 kg að jafnaði í fallþunga með 10,0 fyrir gerð og 6,4 fyrir fitu eða einkunnir 135 og 129 í kjötmatsuppgjöri búans.

Mjög takmörkuð reynsla af dætrum hans gefur góð fyrirheit um Lykil sem ærföður, en móðir hans hefur verið seld milli búa vegna loka á fjárbúskap á Syðsta-Ósi, en verið frjósöm ær.

Lítaerföir: Lykill er arfblendinn hvítur og þar sem hann hefur gefið bæði tvílit og móraudan lit á að vera mögulegt að fá lömb með öllum litum undan honum.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

vaxinn og frísklegur hrútur.

Ullarlýsing EE: Hreinhvítur og engin svört hár. Reyfið jafnt og magnið í góðu meðallagi. Togið jafnt og meðalfint. Ullarprúður.

Mál og stígun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2003	56	114	26/3/3(H)	8,0	8,0	8,5	8,0	8,5	17,5	7,5	8,0	8,5	82,5
2004	98	122	36/7/4(H)	8,0	8,0	9,0	8,5	8,5	17,5	7,5	8,0	8,0	83,0

Mókollur

frá Borgarfelli, Skaftártungu.

(keyptur frá Snæbýli 1 í Skafrártungu)

Ætt:



03-978

MFF: Sveppur 94-807, MMF: Móri 87-947.

Mókollur 03-978		
KÖTMAÐ	Fjöldi	BLUP 42
	Gerð	109
	Fita	110
	Heild	110
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	41
	Einkunn	102
DÆTUR	Afurðaaár	2
	Frjósemi	-27
	Einkunn	97
* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.		

Lýsing:

Mórauður, kollóttur. Sver og fríður haus. Breiðar herðar en aðeins vantar á fyllingu aftan þær. Breitt bak og breiðar, allvel holdfylltar malir. Nokkuð góð lærahold. Fótstaða góð. Mjög bol-

Reynsla: Mókollur er fenginn á stöð vegna litar síns og öflugts ætternis. Hann hefur verið að skila góðum sláturlömbum í Snæbýli þau ár sem hann hefur verið notaður þar eins og BLUP niðurstöður fyrir hann sýna.

Faðir Mókolls er einhver öflugasti ærfaðir sem hefur komið til notkunar á stöðvunum og móðir hans var einlembd gemlingsárið en síðan jafnoft einlembd og tvílembd, hefur skilað vænum og vel gerðum lömbum og hefur 6,6 afurðastig.

Litaerfðir: Mókollur hefur eins og litur hans segir til um erfðavísi fyrir mórauðum lit en ekki er vitað til að hann hafi gefið tvílit afkvæmi.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

langur en aðeins kviðaður hrútur.

Ullarlýsing EE: Frekar ljósmórauður litur og til blettir með gráum hárum. Ullarmikill og reyfið jafnt.

FORYSTUHRÚTUR

Tígull

frá Smáhömrum, Steingrímsfirði.



Lýsing: Tígull er svartkápóttur og vel hyrndur. Hausinn er fremur fínlegur og snoppan grönn. Tígull líkist í vexti um margt forfedrum sínum. Hann er rólegur og greindarlegur í fasi. Augun eru vökul og hann er fljótur að læra. Lætur ágætlega að stjórn sé hann teymdur.

Tígull er lítt reyndur sem ærfaðir en virðist þó erfa frá sér góða forystueiginleika eins og vænta mátti af ætterni hans.


Litaerfðir: Útlit og ætterni benda til að Tígull gefi fjölbreytta liti hjá afkvæmum.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

FRS
PENNINN

Við þjónustum þig!

Eyravegi 37, 800 Selfoss. Sími: 480 3300
www.frs.is, frs@frs.is



FJARVIS.IS - nýtt sauðfjárræktarkerfi



- Opnaður hefur verið aðgangur á fjarvis.is en þar m.a. hægt að skoða:
- * Upplýsingar um sitt bú
 - * Sláturgögn sem berast rafrænt frá sláturhúsi
 - * Kynbótamat allra hrúta og áa
 - * Ættartré
 - * Æviferilsupplýsingar
 - * Afkvæmarannsókn fyrir sitt bú

Sama aðgangs- og lykilorð og á www.bufe.is
Aðgangur er ókeypis fyrir alla sauðfjårbændur

Aðrir en þeir sem taka þátt í reynslukeyrslu kerfisins eru beðnir að skrá ekki inn upplýsingar þar til annað verður tilkynnt.

Allar ábendingar eru vel þegnar og skulu sendar á: tolvudeild@bondi.is



Bændasamtök Íslands - tölvudeild - Pósthólf 7080 - 127 Reykjavík
Sími 563 0300 - www.bondi.is

Rúmgóð Kerra til gripaflutninga



Tveggja hæða gripaflutningakerra á 16 tommu burðarmiklum hjólbörðum.

Getur tekið allt að 50 lömb. Einnig má auðveldlega fjarlægja milligólf til flutninga á stórgripum.




Breidd - 1,78. mtr.
Lengd - 3,66. mtr

Heildarþyngd 3500 kg.



Krókhálsi 16
Reykjavík
Sími 588 2600
www.velaver.is



Sauðfjármerki



Merki í ásetningsfé:

Combi 2000 Mini frá Os Husdyrmerkefabrikk a/s

Merkin eru viðurkennd af Landbúnaðarstofnun til notkunar í ásetningsfé og eru greidd að fullu af Framkvæmdanefnd búvörusamninga. Vinsamlega pantið merki í ásetningsfé á www.bufe.is, hjá Bændasamtökum Íslands eða búnaðarsamböndum/leiðbeiningastöðvum.



Lambamerki

Bjargmerki

Lambamerkin góðkunnu eru viðurkennd af Landbúnaðarstofnun til notkunar í lömb.

Veittur er 10% afsláttur ef pantað er fyrir 15. febrúar og pöntuð eru 100 merki eða fleiri í röð.



Micro

Ný lambamerki frá Os Husdyrmerkefabrikk a/s, sett í með töng.

Merkin hafa verið prófuð á Hesti í Borgarfirði með góðum árangri.

Vinsamlega sendið pantanir á lambamerkjum til:
pbi@akureyri.is eða í fax: 461 2995



Gleráreyrum 2 - 600 Akureyri - Sími 461 4606

AGRONIC



**TRAUST OG GÆÐI
VELDU BÆÐI**



Rollsinn í rúlluvélum

AGRONIC

Combi 1302R

Eina sambyggða vélin sem er hlutlaust prófuð á Íslandi - Búvélprófun á Hvanneyri 2005



Norskir gæða sturtuvagnar



**TRAUST OG GÆÐI
VELDU BÆÐI**



Lambamerkin

Sendum sýnishorn ef óskað er / Töng fylgir fyrstu pöntun
Gott verð



Fáanlegir með rúllu framlengingu



**Talía og rafdrifinn
hlaupaköttur**
1 Faz mótör
Lyftigeta 1 tonn

Afrúllari

1 eða 3 Faza
Traustur og góður
Lokað vinkildrif, utaná-
liggjandi lokaðar legur,
fleiri spyrnur, hærri hliðar.




Einn ódýrasti vinnumaður sem völ er á.

Vegna mikillar sölu er æskilegt að tryggja sé afrúllara fljótt fyrir haustið.

Rúlluklær

tveggja og fjögurra arma



Lambás/Búvís ehf. | Sveinungsvík | Þistilfirði | Símar 465 1332 | 465 1333 | 845 9263



SAUÐFJÁRSÆÐINGASTÖÐ VESTURLANDS

SKRÁ YFIR HRÚTA SEM NOTAÐIR VERÐA VETURINN 2006 - 2007

Vesturland

Mál og stigun, lamb og veturgamall


Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2001	43	112	28/2/4(S)	8,0	8,0	8,5	8,5	8,5	16,5	9,0	8,0	8,0	83,0
2002	88	121	34/3/4(S)	8,0	8,0	8,5	9,0	9,0	17,5	9,0	8,0	8,5	85,5

Hylur

frá Hesti, Borgarfirði

Ætt:

Hylur 01-883



01-883

Lýsing: Hylur er hreinhvítur, hyrndur. Haus fríður. Hann er

Hylur 01-883		2003	2004	2005	2006
LAMHRÚTASKOBUN	Fjöldi	315	302	314	230
	Pungi	47	47	48	47
	Fótleggur	112	110	112	109
	Læri	16,9	17,1	17,1	17,1
	Ull	8,0	8,0	8,1	8,1
	Ómvöðvi	28,8	29,0	28,5	29,2
	Ómfita	2,8	3,0	2,9	2,9
	Lögun	3,9	4,0	3,9	4,0
KJÓTMAT					BLUP
	Fjöldi				1941
	Gerð				115
	Fita				134
	Heild				126
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*					
LÖMB	Fjöldi				2300
	Einkunn				105
DÆTUR	Afurðaar				835
	Frjósemi				+2
	Einkunn				107

vel holdfylltur um herðar og útlögur í meðallagi. Bak og malir ákaflega vel vöðvafyllt. Lærvöðvi stinnur og vel lagaður. Fætur réttir og fótstaða góð. Hylur er bollangur, frísklegur og áberandi harðholda hrútur.

Ullarlýsing EE: Hreinhvítur og engin svört hár í ull. Ullarmagn í góðu meðallagi.

Togið meðal fínt, jafnt nema heldur styttra í baki.

Reynsla: Hylur kom fyrst til notkunar á stöðvunum haustið 2002 á grunni góðra niðurstaðna úr afkvæmarannsókn á Hesti þá um haustið. Síðan hefur hann verið meira notaður en aðrir hrútar á stöðvunum og er þannig orðinn einn allra reyndasti kynbótahrútur í landinu. Sterkasti eiginleiki hans er vafalítið lítil fitusöfnun og synir hans sem erft hafa þennan verðmæta eiginleika eru í notkun í hundradatali um allt land. Auk þess gefur hann feikilega þykkann og vel lagaðan bakvöðva hjá afkvæmum sínum og mikill fjöldi þeirra hefur einnig afbragðsgóð lærahold. Öflugir synir hans eru þegar komnir til notkunar á stöðvunum og mun vafalítið fjölga verulega á næstu árum.

Veruleg reynsla er einnig fengin um Hyl sem ærföður og í þeim efnum er hann einnig verulega til kynbóta. Frjósemi dætra hans er að vísu ekki mikið umfram meðaltal en þetta eru prýðilega mjólkurlagnar ær.

Litaerföir: Hylur er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/ riðusmits: Áhættuarfgerð.

Mál og stigun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2002	40	110	30/3/3(S)	8,0	8,5	8,5	8,5	9,0	17,0	8,0	8,0	8,0	83,5
2003	84	118	37/8/4(S)	8,0	8,5	8,5	9,0	8,5	17,5	7,5	8,0	8,0	83,5

Lómur

frá Sveinungsvík, Pistilfirði.

Ætt:

Lómur 02-923



02-923

Lómur 02-923		2005	2006
LAMBHRÚTASÖÐUN	Fjöldi	261	288
	Pungi	47	46
	Fótleggur	109	108
	Læri	17,1	17,1
	Ull	7,8	7,8
	Ómvöðvi	28,8	28,7
	Ómfita	3,3	3,1
Lögur	3,8	3,8	
		BLUP	
KIÖTMAT	Fjöldi	606	
	Gerð	133	
	Fita	120	
	Heild	125	
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*			
LÖMB	Fjöldi	914	
	Einkunn	101	
DÆTUR	Afurðaar	17	
	Frjósemi	+2	
	Einkunn	103	

* Einkunn f. dætur er úr heimafélagi.

Lýsing: Hvítur, hyrndur. Hausinn er fingerður. Vel holdfylltur um herðar, bolurinn sívalur. Holdgróið, kúpt og breitt bak. Ákaflega vel vöðvafyllt malir. Lærvöðvinn mjög þykkur og áberandi góður innanlærisvöðvi. Fótstaða góð. Gríðarlega harðholda og vel gerður hrútur.

Ullarlýsing EE: Gulur á haus og fótum, mikið gult í reyfi en engin svört hár fundust. Ullarmagn í góðu meðallagi. Togið jafnt og meðalfínt.

Reynsla: Lómur fer nú til notkunar á stöð þriðja árið í röð en þangað kom hann haustið 2004 á grunni feikilega góðrar niðurstöðu úr afkvæmarannsókn úrvalshrúta í Norður-Þingeyjarsýslu þá um haustið. Hann hefur verið mjög mikið notaður og mikill hópur lamba undan honum komið til skoðunar undanfarin tvö haust. Þau hafa sannreynt að hann er feikilega öflugur kynbótahrútur með tilliti til kjötgæða. Haustið 2005 voru lambhrútar undan honum með þykkastan bakvöðva allra lambhrúta undan stöðvahrútum það haust og haustið 2006 var hópurinn undan honum í efstu sætum gagnvart flestum eiginleikum.

Jákvæð reynsla er fengin um dætur hans af heimaslóð og mikill fjöldi veturgamalla dætra hans um allt land vorið 2006 sýndi mjög góða frjósemi sem veturgamlar ær.

Litaerfðir: Lómur er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun, lamb

Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2002	50	111	32/3/4(S)	8,0	8,5	9,0	9,0	9,0	18,0	8,0	8,0	8,0	85,5

Oddur

frá Þóroddsstöðum, Hrutafirði.

Ætt:



Oddur 02-942		2006
LAMBHRÚTASÖÐUN	Fjöldi	156
	Pungi	44
	Fótleggur	110
	Læri	16,9
	Ull	7,9
	Ómvöðvi	27,7
	Ómfita	3,0
Lögur	3,8	
		BLUP
KIÖTMAT	Fjöldi	125
	Gerð	134
	Fita	101
	Heild	114
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	161
	Einkunn	93
DÆTUR	Afurðaar	26
	Frjósemi	+7
	Einkunn	104

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

Lýsing: Hvítur, hyrndur. Fremur þróttlegur haus. Stuttur og sver háls og góðar útlögur. Góð vöðvafylling í baki, mölum og lærum. Fótstaðan góð. Bollengd í meðallagi.

Ullarlýsing EE: Gulur á haus og fótum, ekki gul hár í reyfi og engin svört hár fundust. Ullarmagn í meðallagi.

Fremur ullarstuttur í baki og ullin frekar fingerð.

Reynsla: Oddur kom inn á stöð haustið 2005 á grunni góðrar niðurstöðu úr afkvæmarannsókn fyrir stöðvarnar sem gerð var á heimabúi, en þar hafði hann áður sýnt mjög góðar niðurstöður um kjötgæðaeiginleika. Hann var talsvert mikið notaður síðastliðinn vetur og kom verulegur fjöldi sona hans til skoðunar og eins og lesa má úr stigatöflunni þá voru þeir um flesta eiginleika um meðaltal þeirra lamba.

Takmörkuð reynsla er fengin um dætur Odds en sú reynsla gefur jákvæðar væntingar til hans sem góðs ærföðurs.

Litaerfðir: Oddur er arfblendinn hvítur, gefur svart.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun, lamb og veturgamall													
Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2002	47	104	28/3/4(S)	8,0	8,0	8,5	8,5	9,0	17,0	7,5	8,0	8,5	83,0
2003	80	115	32/4/5(S)	8,0	8,0	8,5	9,0	9,0	17,5	8,0	8,0	8,0	84,0

Kjalvar

frá Kjalvararstöðum, Reykholtisdal.



MFF: Moli 93-986, MMF: Möttull 94-827.



Kjalvar 02-943		2006
LAMBHRÚTASÖÐUN	Fjöldi	142
	Pungi	45
	Fótleggur	108
	Læri	17,1
	Ull	7,8
	Ómvöðvi	28,3
	Ómfita	2,8
Lögun	3,8	
KJÖTMAT		BLUP
	Fjöldi	177
	Gerð	125
	Fita	116
Heild	120	
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	149
	Einkunn	103
DÆTUR	Afurðaar	20
	Frjósemi	+13
	Einkunn	108

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

Lýsing: Hvítur, krapphyrndur. Hausinn er sver. Sívalur bolur og vel holdfylltar herðar. Breitt og þykkt bak og mjög vel vöðvaðar malir. Þykkur og mjög vel lagaður lærvöðvi. Fótstaðan sterkleg. Falleg kind sem samsvarar sér mjög vel.

Ullarlýsing EE: Gulur á haus og fótum en ekki gult

í reyfi, engin svört hár fundust. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Hrokkið, fremur stutt og gróft tog.

Reynsla: Haustið 2005 kom Kjalvar til notkunar á stöð á grunni góðrar niðurstöðu úr afkvæmarannsókn á Hesti þá um haustið. Lömbin undan honum reyndust hafa þykka vöðva og hann hefur góða eiginleika til lítillar fitusöfnunar. Umtalsverður hópur lamba sem kom til skoðunar undan honum í haust vítt um land bar kostum hans skýrt vitni. Þar kom að vísu fram líkt og í afkvæmarannsókninni á Hesti 2005 að líklega gefur Kjalvar talsvert öflugri gimbrar en hrúta.

Sú takmarkaða reynsla sem komin er um dætur Kjalvars ásamt ætterni hans gefur ástæður til að ætla að hann muni verða mjög öflugur ærfaðir. Veturgömlu ærnar undan honum á Hesti sýndu greinilega góða mjólkurlagni.

Litaerfðir: Kjalvar er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun, veturgamall													
Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2003	87	122	33/5/4+(S)	8,0	8,5	9,0	9,0	9,0	17,5	7,0	8,0	8,0	84,0

Goli

frá Staðarbakka, Hörgárdal.
(keyptur frá Þúfnavöllum, Hörgárdal)



FMFF: Gosi 91-945, MFFF: Krákur 87-920.



Goli 02-956		
KJÖTMAT		BLUP
	Fjöldi	79
	Gerð	130
	Fita	99
	Heild	111
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	89
	Einkunn	102
DÆTUR	Afurðaaár	8
	Frjósemi	-15
	Einkunn	98

* Einkunnir f. lömb og dætur er úr heimafélagi.

Bollangur og sterklegur hrútur.

Ullarlýsing EE: Grái liturinn ójafn. Ullarmagn í meðallagi. Reyfið þykkt og jafnt með miklu þeli en togið stutt og fínt.

Reynsla: Goli er fenginn á stöð á grundvelli einstaklega mikilla yfirburða úr kjötmati sem hann hefur sýnt undanfarin

Lýsing:

Grábotnóttur, hyrndur. Svipfríður, þróttlegur en sverhyrndur. Örlítið háar herðar, sívalur bolur og breitt bak. Breiðar og mjög vel holdfylltar malir. Góð lærahold. Góð fótstaða.

haust á Þúfnavöllum þar sem hann hefur ætíð verið notaður. Þannig var meðalfallþungi haustið 2005 á stórum hópi sláturlamba undan honum 17 kg, meðaltal fyrir gerð 9,6 og fitumatið 7,5. Þessar niðurstöður skiluðu honum 160 í einkunn fyrir gerð og 106 fyrir fitu í uppgjöri búsinns. Vafalítið verður Goli talsvert notaður af bændum sem fást við ræktun á mislitu fé, en hann á einnig fullt erindi í hið almenna kynbótastarf hyrnda fjárins í landinu.

Takmörkuð reynsla er fengin á Gola sem ærföður og þær niðurstöður eru mjög nálægt meðaltali búsinns um afurðir dætranna. Móðir hans var ágætlega frjósöm afurðaaer, einu sinni einlembd en hafði 4,8 afurðastig og skilaði vel gerðum lömbum.

Litaerfðir: Goli er arfblendinn með erfðavísa fyrir gráum og botnóttum lit og erfir auk þess tvílit, gefur hreinhvítt.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun, lamb

Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2003	46	107	30/3/5(S)	8,0	8,0	8,5	9,0	8,5	17,5	8,0	8,0	8,0	83,5

Busi

frá Bergsstöðum, Vatnsnesi.



MFF: Moli 93-986, MMF, Deli 98-094, FMFF, Njörður 92-994.



Busi 03-946		2006
LAMBHRÚTASÖÐUN	Fjöldi	219
	Þungi	47
	Fótleggur	109
	Læri	17,1
	Ull	7,8
	Ómvöðvi	29,0
	Ómfita	2,8
	Löggun	4,1
KJÖTMAT		BLUP
	Fjöldi	102
	Gerð	113
	Fita	125
	Heild	120
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	82
	Einkunn	101
DÆTUR	Afurðaaár	7
	Frjósemi	-43
	Einkunn	93

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

Lýsing: Hvítur, fremur grófhyrndur. Hausinn er sver og þróttlegur. Sívalur bolur, lítilsháttar grófleiki um herðar. Ákaflega vel vöðvaður í baki og mölum. Góð lærahold. Fríður, fongulegur og gefur hrútur.

Ullarlýsing EE: Fölgulur á haus og fótum, talsvert af gulum hárum í reyfi, sérstaklega

aftan til. Engin svört hár fundust. Þykkt og mikið þel, togið jafnt. Ullarmikill.

Reynsla: Busi kom inná stöð á síðastliðnu hausti þegar leyfi fékkst fyrir stöðvarnar að sækja hrúta á hið landsþekktu fjárbú á Bergsstöðum á Vatnsnesi. Frá búinu þar fylgdu honum glæstar tölur um afkvæmi hans. Síðastliðinn vetur var hann mikið notaður þannig að umtalsverður fjöldi sona hans kom til skoðunar nú í haust. Þessi hópur var nokkuð breytilegur að gerð en þar voru margir mjög vel gerðir hrútar og meðaltal um þykkt bakvöðva lambanna eitt það allra mesta sem staðfesti að Busi er mikil kynbótakind með tilliti til kjötgæða. Takmörkuð reynsla er komin um dætur hans en heldur hærra hlutfall dætra hans hafa verið geldar veturgamlar en undan öðrum hrútum á Bergsstöðum en þær sýnast mjólkurlagnar.

Litaerfðir: Busi er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.



Kaupfélag Skagfirðinga



Sláturhús KVH ehf


SAUÐFJÁRBÆNDUR

Kjötafurðastöð KS og Sláturhús KVH ehf reka öflugar afurðastöðvar sem þjóna sauðfjárbændum með slátrun og afurðasölu.

Við þökkum bændum um land allt viðskiptin í haust!

Kjötafurðastöð Kaupfélags Skagfirðinga, Sauðárkróki og Sláturhús KVH ehf, Hvammstanga





www.velaborg.is

S: 414 8600

RÚNINGSKLIPPUR OG MERKJALITIR



Barkklippuset

3 hraða mótör, barki, handfang, hnifur og kambur
Vörunúmer: RIT83306

Verð kr. 138.695 með vsk.



Rapier 7 kambur

13 tennur
7mm skái
86mm breiður
Vörunúmer: COX541034

Verð kr. 3.424 með vsk.



Pro Legend 5 kambur

13 tennur
5mm skái
92mm breiður
Vörunúmer: COX541014

Verð kr. 3.424 með vsk.



Merkjaúði í 400ml brúsum

Vörunúmer: COX476109

Verð kr. 1.033 með vsk.



Jet hnifur

Vörunúmer: COX541100

Verð kr. 730 með vsk.



Diamond hnifur

Vörunúmer: COX541102

Verð kr. 730 með vsk.

Litastifti

Vörunúmer: COX475609

Verð kr. 235 með vsk.




Vélaborg ehf

Hafið samband við sölumenn okkar og fáið nánari upplýsingar

Reykjavík Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) • 110 Reykjavík • Sími: 414 8600 • Fax: 414 8601 Akureyri Njarðarnesi 2 • 603 Akureyri • Sími: 464 8600 • Fax: 464 8601



www.hrutaspilid.is



Mál og stigun, lamb og veturgamall													
Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2003	43	110	34/3/4(H)	8,0	8,0	9,0	9,0	9,0	17,5	7,5	8,0	8,0	84,0
2004	81	115	43/6/4(H)	8,0	8,5	8,5	9,5	8,5	18,0	7,5	8,0	8,0	84,5

Mangó

frá Presthólum, Núpasveit.



MFF: Gosi 91-945, FMFF: Kúnni 94-997, MMFF: Spói 86-938.



Mangó 03-948		2006
LAMBHRÚTASÖBUN	Fjöldi	139
	Pungi	46
	Fótleggur	108
	Læri	17,0
	Ull	7,7
	Ómvöðvi	28,4
	Ómfita	3,2
Lögun	3,9	
KJÖTMAT		BLUP
	Fjöldi	191
	Gerð	132
	Fita	114
Heild	121	
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	84
	Einkunn	96
DÆTUR	Afurðaaár	3
	Frjósemi	-4
	Einkunn	98

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

Lýsing: Hvítur, hyrndur. Fremur fínlegur haus með brúsk í enni. Góðar útlögur en örlítið slöður um herðar. Áberandi kúptir og þykkir vöðvar í baki, mölum og lærum. Góð fótstaða. Fríð og fönguleg kind á velli.

Ullarlýsing EE: Gulur á haus og fótum, örlítið gult í reyfi en engin svört hár fundust.

Reyfið þykkt og ullin mikil. Togið fremur stutt. Falleg ull.

Reynsla: Mangó kom á stöð haustið 2005 eftir að hafa gefið mjög góðar niðurstöður í afkvæmarannsókn úrvalshrútanna í Norður-Þingeyjarsýslu þá um haustið, en afkvæmi hans höfðu þar sýnt skýra yfirburði með tilliti til kjötgæða. Hann var mikið notaður síðastliðinn vetur og fjöldi lambhrúta undan honum skoðaður síðastliðið haust. Þessi hrútahópur var ögn breytilegur að gerð en í hópnum var talsvert mikið af verulega öflugum lömbum sem sýna að hjá Mangó er að finna mikla kosti varðandi gerð afkvæma hans. Nánast engin reynsla er fengin um dætur Mangós þannig að ekkert afgerandi verður sagt um hann að því leyti.

Litaerföir: Mangó er arfblendinn, með erfðavísi fyrir gráum lit og líklega einnig mórauðum en sennilega erfir hann ekki tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.



BÚAÐFÖNG
bu@bu.is


Bændur, hjá okkur fáid þið allt það helsta sem ykkur vantar til búreksturs:

- ★ Áburður
- ★ sáðvörur
- ★ girðingarefni og margt fleira.
- ★ fóðurvörur
- ★ rúlluplast

Bu.is ehf. • Stórolfsvöllur • 861 Hvolsvöllur • Sími 487 8888 • Fax 487 8889

Fjarki

frá Dal, Snæfellsnesi.



MFF: Prestur 94-823.



Fjarki 03-949		BLUP
KJÖTMAT	Fjöldi	1
	Gerð	97
	Fita	96
	Heild	96
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	
	Einkunn	
DÆTUR	Afurðaaár	
	Frjósemi	
	Einkunn	

Lýsing: Svartur, ferhyrndur. Aðeins skakkhyrndur. Jafnvaxinn og fremur vel gerður hrútur. Fótstaða góð. Bollengd í meðallagi.

Ullarlýsing EE: Nokkuð jafn svartur litur um allt reyfi þó aðeins

beri á gráum toghárum. Ullarmagn og fínleiki í meðallagi.

Reynsla: Ákaflega lítil reynsla er komin á Fjarka sem lamba-

föður en þó má nokkuð ljóst vera að hann stenst öðrum hrútum á stöðvunum engan veginn snúning hvað kjöttgæði varðar. Tilkoma hans á stöð er heldur ekki sú að bæta kjöttgæði heldur fyrst og fremst varðveisla ferhyrnda fjárstofnsins í landinu, m.a. með djúpfyrstingu sæðis úr honum. Telja verður Fjarka ágætan fulltrúa ferhyrnda fjárins. Undan Fjarka kom enginn lambhrútur til skoðunar haustið 2006.

Engin reynsla er komin á Fjarka sem ærföður, en móðir hans, sem er sv.golsblesótt, var geld gemlingsárið, tvílembd tvævetlan en síðan tvisvar þrílembd og alltaf gengið með öll sín lömb.

Litaerfðir: Fjarki er svartur og erfir tvílít en ekki er þekktur mórauður litur hjá afkvæmum hans.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stígun, lamb

Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2003	58	112	28/4/3+(S)	8,0	8,5	8,5	8,0	8,5	17,5	7,5	8,0	8,0	82,5

Höfðingi

frá Háafelli, Miðdölum.



MMFF: Gosi 91-945.



Hrútaskráin er á www.buvest.is

Lýsing: Hvítur, fremur fínhyrndur. Friður og þróttlegur haus. Breiðar herðar en aðeins vantar á fyllingu. Mjög miklar útlögur. Bakið breitt og malimar breiðar og vel holdfylltar. Góður lærvöðvi. Fótstaðan sterkleg. Bollangur og sterklegur hrútur.

Höfðingi 03-959		
KJÖTMAT		BLUP
	Fjöldi	46
	Gerð	137
	Fita	84
	Heild	105
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	66
	Einkunn	104
DÆTUR	Afurðaaár	4
	Frjósemi	-3
	Einkunn	98

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

Ullarlýsing EE:

Gulur á haus, fótum og mikið um gul hár í reyfi en engin svört hár fundust. Fremur ullarmikill, þelið þykkt og jafnt en togið breytilegt og gróft á köflum.

Reynsla: Höfðingi er nýr hrútur á stöð og var fenginn þangað á grundvelli mjög athyglisverðrar reynslu fyrir afkvæmi hans á heimabúi. Haustið 2004 var hann að skila mjög vænum og vel gerðum lömbum og bætti um betur haustið 2005 þegar meðalfallþungi sláturlambanna undan honum var 19,2 kg eða tvö kg umfram meðaltal búsin. Þau voru með 10,4 að jafnaði í gerð í kjötmati, en nokkuð feit, en vegna afbrigðilegs vænleika kunna allar leiðréttingar á fitumati að vera varhugaverðar en í kjötmatsuppgjöri búsin í fjárræktarfélagi var hann með 161 í einkunn fyrir gerð en 66 fyrir fitu. Vegna ungs aldurs er engin víðtæk reynsla fengin um dætur hans en móðir hans hefur verið feikilega öflug afurðaaer, einlembd gemlingsárið, en ætíð síðan tvílembd og hefur 7,2 afurðastig.

Litaerfðir: Höfðingi er að öllum líkindum arfhreinn hvítur. **Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

Mál og stigun, lamb

Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2003	63	109	29/5/4(S)	8,0	8,0	8,5	8,5	8,5	17,0	8,0	8,0	8,5	83,0

Kækur

frá Hvalshöfða, Hrútafirði.
(keyptur frá Brautarholti, Hrútafirði)



MMFF: Ljóri 95-828.



Kækur 03-961		
KJÖTMAT		BLUP
	Fjöldi	67
	Gerð	124
	Fita	120
	Heild	122
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	67
	Einkunn	102
DÆTUR	Afurðaaár	1
	Frjósemi	-15
	Einkunn	102

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

krikann. Góð fótstaða. Bollangur og sterklegur hrútur.

Ullarlýsing EE: Hreinhvítur. Ullarmikill, þykkt og þelmikið reyfi. Togið fremur stutt en hrokkið. Engin svört hár fundust.

Lýsing: Hvítur, vel hyrndur. Þróttlegur haus, stuttur og sver háls en örlítið háar herðar. Útlögur góðar, bakið breitt og vel holdfyllt. Malir breiðar og vel vöðvaðar. Lærvöðvi þykkur og fyllir vel í

Reynsla: Kækur sem er nýr hrútur á stöð er þangað fenginn á grunni góðrar reynslu sem faðir sláturlamba í Brautarholti þar sem hann hefur ætíð verið notaður. Strax veturgamall haustið 2004 gaf hann ákaflega væn sláturlömb sem um leið sýndu mjög jákvæðar niðurstöður úr kjötmati. Hann endurtók leikinn haustið 2005 en þá voru sláturlömbin undan honum að jafnaði 18,6 kg, fengu 10,5 fyrir gerð og 7,7 að jafnaði í fitumati.

Nánast engin reynsla er enn fengin um Kæk sem ærföður en móðir hans er öflug ær sem ætíð hefur verið tvílembd nema gemlingsárið þegar hún átti eitt lamb og hún er með 7,5 afurðastig.

Litaerfðir: Kækur er arfblendinn hvítur og hefur erfðavísi fyrir tvílit en líklega ekki erfðavísi fyrir mórauðu.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.



Mál og stígun, veturgamall

Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2005	88	117	32/4/5(S)	8,0	8,5	9,0	9,0	9,0	17,5	7,5	8,0	8,5	85,0

Mímir

frá Hesti, Borgarfirði.



FMF: Askur 97-835.



Mímir 04-951		2006
LAMHRÚTASKODUN	Fjöldi	243
	Pungi	46
	Fótleggur	108
	Læri	17,2
	Ull	7,8
	Ómvöðvi	28,5
	Ómfita	3,1
Lögun	4,1	
KJÓTMAT	BLUP	
	Fjöldi	33
	Gerð	137
	Fita	105
	Heild	118
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	44
	Einkunn	101
DÆTUR	Afurðaar	
	Frjósemi	
	Einkunn	

* Einkunn f. lömb er úr heimafélagi.

Lýsing: Hvítur, krapphyrndur. Fremur fínlegur haus. Feikna miklar útlögur og vel holdfylltar herðar. Gríðarlega þykkt bak og mikil vöðvafylling á mölum. Frábær lærahold. Fótstaða góð. Ákaflega jafnvaxinn og öflugur hrútur.

Ullarlýsing EE: Gulur á haus og fótum, aðeins

gult í reyfi en engin svört hár fundust. Fremur mikil ull, reyfið jafnt og togið meðalgróft.

Reynsla: Mímir er einn þeirra fjögurra hrúta sem kom á stöð haustið 2005 á grundvelli niðurstaðna úr afkvæmarannsókn á Hesti þá um haustið. Þar höfðu komið fram einkar miklir kostir afkvæma hans í kjötgæðum, sérstaklega um gerð. Mímir var mikið notaður síðastliðinn vetur og stór hópur lamba undan honum skoðaður síðastliðið haust. Þau sýndu enn skýrar sterka eiginleika hans til að gefa vöðvamikil og vel gerð lömb og voru t.d. með herra meðaltal fyrir lærastig en afkvæmi annarra hrúta sem áttu stóra afkvæmahópa. Einstaka sinnum eru þessi lömb fremur bolstutt.

Ekki er enn komin nein reynsla á dætur Mímis til að geta dæmt um hvort hann eigi eftir að reynast öflugur ærfaðir. Veturgömlu ærnar á Hesti sem áttu lömb voru einlembdar og vænleiki lamba þeirra um meðaltal.

Litaerfðir: Mímir er arfblendinn hvítur og hann hefur erfðavísi fyrir mórauðum lit en gefur hins vegar ekki tvílit. **Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

Mál og stígun, veturgamall

Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2005	82	120	32/3/4(S)	8,0	8,5	8,5	8,5	9,0	17,5	7,5	8,0	8,5	84,0

Bramli

frá Hesti, Borgarfirði.



Móðir Bramla er alsystir Hyls 01-883.



Bramli 04-952		2006
LAMBHRÚTASKEIÐUN	Fjöldi	56
	Pungi	45
	Fótleggur	109
	Læri	17,1
	Ull	7,9
	Ómvöðvi	29,0
	Ómfita	2,5
Lögun	4,0	
		BLUP
KJÖTMAT	Fjöldi	34
	Gerð	99
	Fita	142
	Heild	125
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	41
	Einkunn	88
DÆTUR	Afurðaaár	
	Frjósemi	
	Einkunn	
* Einkunn f. lömb er úr heimafélagi.		

Lýsing: Hvítur, vel hyrndur. Allgóðar útlögur, vottar fyrir háum herðum. Mjög þykkur bakvöðvi, góð vöðvafylling á mölum, góð lærahold. Fóttastaða góð. Jafnvaxinn og snotur hrútur.

Ullarlýsing EE: Gulur á haus og fótum, nokkuð um gul hár um allt reyfi en engin svört hár fundust.

Ullarmikill, reyfið jafnt en togið aðeins gróft. Lagðprúður.

Reynsla: Bramli var einn úr hópi þeirra fjögurra hrúta sem komu til notkunar á stöðvunum á grundvelli afkvæmarannsóknar á Hesti haustið 2005. Þar höfðu komið fram nánast einstakir eiginleikar hans til skertrar fituöfnunar, en gerð sláturlamba undan honum var hins vegar talsvert undir meðaltali. Bramli var nokkuð notaður síðasta vetur og lömb undan honum sem komu til skoðunar haustið 2006 víða um land sýndu sömu mynd og afkvæmi hans í afkvæmarannsókninni á Hesti árið áður. Þau eru yfirleitt ákaflega fitulítill, með þykkum bakvöðva en gerð þeirra er verulega breytileg en betri hluti lambanna eru oft úrtökugóðir einstaklingar. Bramli hefur vegna aldurs enn mjög takmarkaða reynslu sem ærfaðir, en veturgömlu ærnar undan honum á Hesti sýndu sérlega mikla frjósemi vorið 2006 og mjólkurlagni þeirra virðist góð.


Litaerfðir: Bramli er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun, lamb og veturgamall													
Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2004	45	110	35/4/5(H)	8,0	8,5	9,0	9,5	9,0	18,0	8,0	8,0	8,0	86,0
2005	75	121	35/6/4(H)	8,0	8,0	8,5	8,5	8,5	17,5	8,0	8,0	8,0	83,0

Fróði

frá Hagalandi, Þistilfirði.



MFFF: Gosi 91-945, MFMF: Fóli 88-911.



Fróði 04-963		BLUP
KJÖTMAT	Fjöldi	19
	Gerð	134
	Fita	103
	Heild	115
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	47
	Einkunn	110
DÆTUR	Afurðaaár	
	Frjósemi	
	Einkunn	
* Einkunn f. lömb er úr heimafélagi.		

Lýsing: Hvítur, vel hyrndur og hausfríður. Útlögur og holdfylling í framparti með því besta sem gerist. Breitt bak og sérlega breiðar, kúptar og holdfylltar malir. Ákaflega þykkur lærvöðvi sem lokar vel klofi.

Fóttastaða góð. Áberandi breiður og jafnvaxinn hrútur með gott samræmi.

Ullarlýsing EE: Gulur á fótum og örlítið í hnakka. Mjög lítið um gul hár í ull. Reyfið jafnt en togið stutt og fínt. Allþykkt þel. Engin svört hár fundust.

Reynsla: Fróði sýndi haustið 2005 ótrúlega mikla yfirburði í ómsjarmælingum hjá afkvæmum sínum. Á grundvelli þess var hann fenginn í afkvæmarannsókn úrvalshrúta í Norður-Þingeyjarsýslu þar sem hann sýndi haustið 2006 feikilega yfirburði í þeirri rannsókn og kemur á stöð á grunni þeirrar reynslu. Yfirburðir hans við skoðun lifandi lamba og ómsjarmælingu voru með ólíkindum og var einkunn hans úr þeim hluta rannsókna 160 sem er einstök niðurstaða. Í kjötmati sýndi hann mikla yfirburði um gerð, einkum hjá lömbunum í Garði. Á báðum búanna, Garði og Hagalandi, var fitumat lambanna nærri meðaltali á búunum.

Lítill reynsla er enn fengin á Fróða sem ærföður en móðir hans var einlembd gemlingur en síðan ætíð tvílembd og hefur skilað vænum lömbum og er með 7,2 afurðastig.

Litaerfðir: Fróði er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stígun, veturgamall

Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2006	79	119	36/2,2/4,5(S)	8,0	8,5	9,0	9,0	9,0	18,0	7,5	8,0	8,0	85,0

Kveikur

frá Hesti, Borgarfirði.



FFF: Hylur 01-883, FMF: Náli 98-870, MMFF: Lækur 97-843, MMMF: Hörvi 92-972.

Lýsing: Hvítur, vel hyrndur og svipfríður. Sver og þykkur háls sem fyllir vel að holdfylltum herðum. Breið og víð bringa. Þykkt bak, malir breiðar og kúptar, lærvöðvi mjög þykkur með áberandi góða innanlærisfyllingu. Fótstaða góð. Í meðallagi bollöng, mjög prúð og gæf kind.

Ullarlýsing EE: Gulur í hnacka, á fótum og dindli en lítið um gul hár í reyfi og engin svört hár fundust. Reyfið jafnt, ullarmagn í meðallagi og togíð meðalfínt.

Reynsla: Kveikur er annar tveggja hrúta sem í ár voru fengnir á stöðvarnar frá Hesti á grundvelli afkvæmarannsóknarinnar þar. Lambahópurinn undan honum sýndi ákaflega skýra yfirburði með tilliti til kjötgæða. Þykkt bakvöðva var meiri en



05-965

hjá öðrum hópum eða 27,7 mm. Tvílembingshrútarnir voru 17,0 kg að meðaltali í fallþunga, meðaltal um gerð 10,3, fita að jafnaði 5,4 og lærastig hjá hópnum voru þau næsthæstu eða 4,36 að jafnaði.

Það gefur auga leið að vegna aldurs er Kveikur alls óreyndur sem ærfaðir og hann er gemlingslamb sem móðir hans fékk 7,2 afurðastig fyrir og vorið 2006 átti móðir hans tvö lömb.

Litaerfðir: Kveikur er arfblendinn hvítur, en undan honum hafa aðeins fæðst svört lömb, dökk, þannig að ekki verður dæmt um hvort hann beri mórauðan erfðavísi né heldur tvílit, sem þó er ósennilegt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stígun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2005	45	98	28/2/4(H)	8,0	8,5	9,0	8,5	9,0	18,0	8,0	8,0	8,0	85,0
2006	86	109	35/3,7/4,0(H)	8,0	9,0	8,5	9,0	9,0	18,5	8,0	8,0	8,0	86,0

Ljúfur

frá Ytri Skógum, Eyjafjöllum.



MFF: Áll 00-868, MFMF: Moli 93-986, MMFF: Bútur 93-982.

Lýsing: Hvítur, frekar fínhyrndur og hausfríður. Góðar útlögur og góð holdfylling um herðar. Þykkt bak, mala- og lærahold með því besta sem gerist. Góð fótstaða. Jafnvaxinn og kviðléttur hrútur.

Ullarlýsing EE: Gul hár um allan skrokk. Reyfið þykkt og þelmikið en mjög stutt tog sem þó er í grófara lagi í síðum. Engin svört hár fundust.

Reynsla: Ljúfur kemur sem nýr hrútur á stöð á grundvelli niðurstöðu úr afkvæmarannsókn veturgömlu hrútanna í Ytri-Skógum haustið 2006. Þar var hann að gefa langhagstæðustu



05-968

kjötmatstærstöður allra hrútanna. Fallþungi hrútlambanna var 16,5 kg að jafnaði, meðaltal um gerð 10,1 og fyrir fitu 6,6. Lömbin undan honum voru með hagfelldustu niðurstöðurnar um báða þætti kjötmatstær. Ömmælingar hrútlambanna voru um meðaltal í rannsókninni.

Ljúfur er að vonum alveg óreyndur sem ærfaðir en móðir hans var einlembd gemlingurinn en síðan tvílembd og er hún með 5,5 afurðastig.

Litaerfðir: Ljúfur mun arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

KOLLÓTTIR HRÚTAR

Mál og stigun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
1999	50	109	31/3/3(S)	8,0	8,0	8,0	9,0	8,5	17,5	7,5	8,0	8,0	82,5
Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2000	86	119	35/5/3(S)	8,0	8,0	8,5	9,0	9,0	18,0	7,5	8,0	8,0	84,0

Partur

frá Steinadal, Broddaneshreppi.



97-133 var hálfbróðir Dals 97-838, MFFF: Valur 79-817.



	Partur 99-914	2004	2005	2006
LAMBHRÚTASÖÐUN	Fjöldi	156	137	111
	Pungi	49	49	48
	Fótleggur	111	112	110
	Læri	16,9	17,0	17,0
	Ull	8,0	8,1	8,1
	Ómvöðvi	27,7	27,8	28,2
	Ómfita	3,6	3,4	3,1
Lögun	3,6	3,5	3,8	
KJÖTMAT				BLUP
	Fjöldi			987
	Gerð			115
	Fita			122
				119
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*				
LÖMB	Fjöldi			1346
	Einkunn			102
DÆTUR	Afurðarár			273
	Frjósemi			+2
	Einkunn			109

Lýsing: Partur er með stuttan, sveran og svipmikinn haus. Hálsinn er sver, herðar kúptar, bringan vel breið og útlögur góðar. Bakið breitt og vel holdfyllt og malir vel vöðvaðar. Lærvöðvinn er þykkur og kúptur og ákaflega vel lagaður.

Ullarlýsing EE: Gulur á haus og fótum og lítils-

háttar af gulum hárum í ull. Ullarmagn í meðallagi og reyfið jafnt. Togið stutt, fínt og mjúkt.

Reynsla: Partur verður í vetur aldursforseti hrútanna á stöðvunum og verður sitt fjórða ár á stöð. Hann kom á stöð eftir afkvæmarannsókn úrvalshrúta á Ströndum sem var í Stóra-Fjarðarhorni. Þar staðfesti hann feikilega mikla kosti afkvæma sinna með tilliti til kjöttgæða, var með 145 í einkunn úr kjötmatshluta rannsóknarinnar. Hann hefur verið mikið notaður þau ár sem hann hefur verið á stöðvunum og mikill fjöldi lambhrúta sem hefur verið skoðaður undanfarnin haust hefur rækilega staðfest mikla kosti hans og stór hópur sona hans haustið 2006 var í hópi allra bestu kollóttu lambanna. Nokkur reynsla er fengin á Part sem ærföður. Dætur hans virðast nær meðallagi um frjósemi en prýðilega mjólkurlagnar ær.

Litaerföir: Partur er arfhreinn hvítur - gefur hreinhvítt .
Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Saltsteinar í fjölbreyttu úrvali

— Henta jafnt með inniföðrun og beit

Aðgangur að saltsteini er búfenaði nauðsynlegur jafnt sumar sem vetur.



FÓÐURBLANDAN

FB Reykjavík sími 570 9800
 FB Selfossi sími 482 3767
 FB Hvalsveili sími 487 8413
 FB Egilsstöðum sími 570 9860
 Bústólpi sími 460 3350
 www.fodur.is



Mál og stigun, lamb og veturgamall


Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2001	48	112	30/3/4(S)	7,5	7,5	8,5	9,0	8,5	17,5	7,5	8,0	8,5	82,5
2002	--	125	--/-(S)	8,0	8,0	8,5	8,0	8,5	16,5	8,0	8,0	8,5	82,0

Erpur

frá Heydalsá (Ragnari og Braga),
Steingrímsfirði.

Ætt:

Erpur 01-919



Erpur er hálfbróðir Arfa 99-873 og 97-286 er hálsystir Dals 97-838 og Kosta 98-895.



01-919

Erpur 01-919		2005	2006
LAMBHRÚTASÖBUN	Fjöldi	114	61
	Pungi	48	48
	Fótleiggur	113	113
	Læri	16,8	17,0
	Ull	8,1	8,3
	Ómvöðvi	26,8	26,8
	Ómfita	3,0	3,3
Lögun	3,6	3,7	
KIÖMAT			BLUP
	Fjöldi		422
	Gerð		110
	Fita		127
Heild		120	
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*			
LÖMB	Fjöldi		552
	Einkunn		101
DÆTUR	Afurðaaár		26
	Frjósemi		+28
	Einkunn		115

* Einkunn f. dætur er úr heimafélagi.

Lýsing: Hvítur, smáhníflóttur. Hausinn er þróttlegur, hálsinn sver og bringan breið þó aðeins vanti á fyllingu fyrir aftan herðar. Útlögur eru miklar. Bakið breitt og sterkt og malir breiðar og með góða vöðva-fyllingu. Læraholdin góð. Réttir og sterkir fætur. Áberandi

sterkleg, bollöng og fríð kind á velli.

Ullarlýsing EE: Alhvítur og ekki fundust nein svört hár í ull. Ullarmikill og reyfið jafnt. Þelið þykkt og mikið en togið í meðallagi fínt en fremur stutt, einkum í baki.

Reynsla: Erpur kom á stöð haustið 2004 eftir að hafa gefið ákaflega jákvæðar niðurstöður í afkvæmarannsókn úrvalshrúta af Ströndum þá um haustið. Þar voru staðfestir miklir kjötgæðaeiginleikar afkvæma hans, sérstaklega er fitustöfnun hjá afkvæmum hans lítil. Slíkt kemur einnig oft vel fram hjá lambhrútum undan honum tilkomnum við sæðingar síðustu tvö haustin, en meðal þeirra hefur mátt finna mjög öflug lömb að gerð.

Sú reynsla sem er að fást um Erp sem ærföður bendir til að hann muni sem slíkur vera úrtökugóð kind.

Litaerfðir: Erpur er arfblendinn hvítur og erfir tvílit en hann hefur ekki erfðavísi fyrir mórraudum lit. Hann gefur því hreinhvít lömb.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Móri

frá Heydalsá (Ragnari og Braga), Steingrímsfirði
(keyptur frá Bræðrabrekku)

Ætt:

Móri 02-935



FMF: byrill 94-399.



02-935

Móri 02-935		2006
LAMHRÚTASKÖÐUN	Fjöldi	79
	Pungi	49
	Fótleggur	111
	Læri	16,7
	Ull	7,5
	Ómvöðvi	25,6
	Ómfita	3,3
Lögun	3,3	
KJÖTMAT		BLUP
	Fjöldi	8
	Gerð	115
	Fita	109
Heild	111	
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	
	Einkunn	
DÆTUR	Afurðaar	
	Frjósemi	
	Einkunn	

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

Móri kom ekki til skoðunar sem lamb en vóg 46 kg og sýningar veturgamalla hrúta eru aflagðar á hans heimaslóðum.

Lýsing: Mórauður, kollóttur. Svipfríður, stuttur og sver háls, góðar herðar og sívalur brjóst-kassi. Breitt bak og breiðar, vel vöðvaðar malir. Ágæt lærahold. Góð fótstaða.

Jafnvaxinn og ákaflega snotur hrútur.

Ullarlýsing EE: Jafn og fallegur mórauður litur. Ullarmikill, reyfið þykkt og jafnt. Glansandi ull.

Reynsla: Móri var fenginn á stöð haustið 2005 fyrst og fremst sem gott tilboð fyrir þá sem eru að fást við ræktun á mórauðu fé. Hann kemur úr hinni öfluglu ræktun á kollótta fénu á Heydalsá þannig að honum standa mjög sterkir stofnar. Móri var mikið notaður síðastliðinn vetur og vafalítið geldur hann mikillar notkunar í mislitu fé en synir hans sem til skoðunar komu voru ákaflega breytilegir.

Takmörkuð reynsla er fengin á Móra sem ærföður en ætterni hans gefur góðar vonir um hann sem slíkan.


Litaerfðir: Sem mórauður hrútur er hann arfhreinn fyrir mórauðum lit, en hann er arfblendinn gagnvart tvíliti, gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun, veturgamall													
Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2003	97	122	34/8/4(S)	8,0	8,5	8,5	8,5	9,0	17,5	7,5	8,0	7,5	83,0

Sómi

frá Smáhömrum, Steingrímsfirði.



Lýsing: Hvítur kollóttur. Stuttur, sver og þróttlegur haus. Breiðar herðar og hvelfdur bolur. Bakið breitt og sterkt. Malir í meðallagi langar og vel fylltar. Þykkur og öflugur lærvöðvi. Fótstaða er góð. Aðeins kviðaður.

Ullarlýsing EE: Svartar dröfnur á eyrum, gult í hnakka, dindli og fótum. Talsvert gult aftan til í reyfi en ekki svört hár á bol. Togið í meðallagi fínt, stutt í baki. Þelið þykkt og fínt.

Reynsla: Sómi hefur verið einn aðalkynbótahrútur Smáhamrabúsins síðustu ár

og er fenginn á stöð vegna góðrar reynslu þaðan. Sómi hefur ætíð skilað ákaflega vænum og vel gerðum lömbum og þannig voru t.d. síðastliðið haust mörg af öflugustu hrútlömbunum á búinu synir hans. Haustið 2005 var meðalfallþungi sláturlamba undan honum 17,7 kg og meðaltal um gerð þeirra í kjötmati 11,4, en fitumatið 7,9 að jafnaði.

Ekki er síður horft til Sóma sem mikils ærföður og þá einkum vegna ætternis en faðir hans er einhver mesti ærfaðir sem á stöðvunum hefur verið og móðir hans einstök afurðær sem var tvílembd gemlingurinn og ætíð síðan nema að þrisvar hefur hún verið þrílembd. Hún er með 8,4 afurðastig. Engin afgerandi reynsla er enn fengin um dætur Sóma sjálfs en hún bendir samt til að dætur hans verði feikimiklar afurðær.

Litaerfðir: Sómi er arfblendinn hvítur og þar sem hann hefur erfðavísi bæði fyrir mórauðum lit og tvíliti á að vera mögulegt að fá undan honum alla liti, gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stígun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2002	48	109	27/2/4(H)	8,0	8,0	8,5	8,5	8,5	17,0	9,0	8,0	8,0	83,5
2003	81	122	33/5/4(H)	8,0	8,5	8,0	8,0	8,5	17,5	9,0	8,0	8,5	84,0

Fengur

frá Hunkubökkum, Skaftárhreppi.



MFF: Valur 90-934.



Fengur 02-973		
KJÓTMAT	Fjöldi	BLUP 112
	Gerð	114
	Fita	123
	Heild	119
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	126
	Einkunn	100
DÆTUR	Afurðaaár	13
	Frjósemi	-16
	Einkunn	97

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

Lýsing: Hvítur, kollóttur. Hausinn er nokkuð stuttur og sver. Kúptar herðar og fremur breið bringa. Sterklegt bak og nokkuð vel holdfylltar malir. Góður lærvöðvi. Fótstaðan rétt. Bollangur, kviðléttur og

Ullarlýsing EE: Hreinhvítur. Þykkt þel en togið mjög stutt og fíngert. Ullarmagn í meðallagi. Engin svört hár fundust.

Reynsla: Með Feng kemur á stöð enn einn úrvalshrutá undan Dal 97-838, en sona hans hefur verið leitað fyrir stöðvarnar síðan hann féll frá. Fengur hefur mjög góða reynslu af heimabúi þar sem hann hefur skýrt sýnt hina vel þekktu kosti Dalssona að gefa ágætlega væn sláturlömb með gott mat um gerð og sérstaklega hagstætt fitumat.

Takmörkuð reynsla er enn fengin á Feng sem ærföður, dætur hans hafa ekki sýnt yfirburði um frjósemi en verið ágætlega mjólkurlagnar. Móðir hans var einlembd gemlingurinn, en tvílembd ætíð síðan og er með 5,5 afurðastig.

Litaerföir: Fengur mun arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stígun, lamb og veturgamall

Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2003	51	109	30/5/4(S)	8,0	8,5	8,5	9,0	8,5	17,5	8,0	8,0	8,5	84,5
2004	87	121	29/6/4(S)	8,0	8,0	8,5	8,5	8,5	17,0	8,5	8,0	8,5	83,5

Frakksson

frá Árbæ, Reykhólasveit.



FMF: Kópur 95-825.



Frakksson 03-974		
KJÓTMAT		BLUP
	Fjöldi	88
	Gerð	132
	Fita	108
	Heild	118
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	128
	Einkunn	104
DÆTUR	Afurðaaár	10
	Frjósemi	+2
	Einkunn	101

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

Lýsing: Hvítur, kollóttur. Svipfríður með brúsk í enni. Kúptar og fylltar herðar, útlögur góðar. Sterkt og þykkt bak og breiðar, vel fylltar malir. Ákaflega góð l æ r a f y l l i n g . Fótstaða góð. Mjög jafnvaxinn og fríður hrútur á velli.

Ullarlýsing EE: Hreinhvítur og engin svört hár fundust. Fremur ullarlítill. Reyfið fremur jafnt og togið stutt á köflum en fínt og mjúkt. Glansandi ull.

Reynsla: Frakksson er nýr hrútur á stöð, fenginn frá Árbæ vegna góðrar reynslu þaðan þar sem hann hefur verið einn aðalkynbótahrúturinn síðustu árin ásamt föður sínum. Hann hefur skilað úrtökugóðum sláturlömbum, haustið 2004 voru þau flest og þá var meðalfallþungi þeirra 17,4 kg, meðaltal um gerð 10,3 og fyrir fitu 6,7.

Takmörkuð reynsla dætra hans gefur góð fyrirheit um að Frakksson muni reynast góður ærfaðir en faðir hans reyndist frábærlega sem slíkur. Móðir hans var geld gemlingur en síðan tvílembd nema einlembd síðasta vor og er hún með 7,3 afurðastig.

Litaerfðir: Frakksson er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun, lamb og veturgamall													
Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2003	50	113	26/3/4(S)	8,0	8,5	8,5	9,0	9,0	18,0	7,5	8,0	9,0	85,5
Ár	Pungi	Fótl	Ómv/fita/lag	Haus	H+h	B+Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Fæt	Samr	Alls
2004	82	120	33/6/4(S)	8,0	8,5	8,5	8,5	9,0	18,0	7,5	8,0	8,0	84,0

Máni

frá Melum 1, Árneshreppi
(keyptur frá Melum 2, Árneshr.)



FMF: Fannar 88-935, MMF: Stúfur 97-854. Máni er sammæðra Ljóma 02-971.



Máni 03-975		
KJÓTMAT		BLUP
	Fjöldi	130
	Gerð	138
	Fita	119
	Heild	127
ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*		
LÖMB	Fjöldi	161
	Einkunn	102
DÆTUR	Afurðaaár	12
	Frjósemi	-13
	Einkunn	98

* Einkunnir f. lömb og dætur eru úr heimafélagi.

Lýsing: Hvítur, kollóttur. Sver og sterklegur haus. Stuttur háls og þykkur og sívalur bolur. Sterkt bak, gríðarleg holdfylling á mölum og læraholdin feikilega góð. Fótstaða góð. Jafnvaxinn og s a m a n r e k i n n holdahnaus.

svört hár. Ullarmagn í meðallagi, þelið þykkt en togið misjafnt.

Reynsla: Máni vakti strax verulega athygli veturgamall fyrir eigin glæsileika og feikilega vel gerð afkvæmi sem skipuðu honum á topp í afkvæmarannsóknnum á báðum búum á Melum þá um haustið og er hann vafalítið öflugasti Glæsissonur sem reynsla er fengin um. Hann var síðan í stórrí rannsókn fyrir stöðvarnar í Bæ haustið 2006 þar sem hann færði enn frekari sönnur á ágæti sitt. Heildareinkunn var 135 þegar byggt var á ómmælingum frá hrútlömbum og 120 þegar mælingar gimbranna voru að baki tölunum.

Máni er ekki mikið reyndur enn sem ærfaðir, en dætur hans hafa ungar ekki sýnt neina yfirburði í frjósemi en þær virðast mjólkurlagnar. Máni er sammæðra Ljóma 02-971 og vísast til umsagnar um hana þar.

Litaerfðir: Máni er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Ullarlýsing EE: Gulur á fótum og í hnacka. Svartar dröfnur á haus og eyrum. Örlítið um gul hár á bol en ekki fundust

FORYSTUHRÚTUR

Loftur

frá Laxárdal, Þistilfirði



Lýsing: Loftur er svartfleckóttur, fremur krapphyrndur. Hausinn er fremur langur og grannur. Loftur er grannvaxinn og hefur flest vaxtarlagseinkenni forystuhrúts svo sem vera ber. Hann er greindarlegur í fasi, þægur og rólegur en á þó sökum ungs aldurs ýmislegt ólært enn. Lætur vel að stjórn sé hann teymdur. Loftur er af þingeyiskum aðalættum forystufjár en samt tiltölulega lítt skyldur forystuhrutum stöðvanna síðustu ár.

Fóstri, faðir Lofts, er með eindæmum þægur og rólegur í umgengni og falletgur á velli. Múta, móðir Lofts, er sérlega

þæg og skynsöm ær og hefur ávallt verið tvílembd utan einu sinni. Faðerni hennar er ekki vitað þar sem hún kom sem sumrungur af fjalli en áreiðanlega undan forystuhrút þar sem nokkrir þeirra tolldu illa í hrútakrubbunni þennan vetur.

Litaerfðir: Útlit og ætterni bendir til að Loftur gefi fjölbreytta liti hjá afkvæmum - óvíst að hann búi yfir erfðavísi fyrir mórauðum lit. Móðir hans hefur gefið bæði svar- og móglæsótt afkvæmi.

Arfgerðargreining v/ riðusmits: Hlutlaus.

HEF TIL SÖLU





**FJÁR-, KÚA-
OG
HESTAKLIPPUR**



**KAMBA
OG
HNÍFA**



**BRÝNSLU-
VÉLAR**

STILLI HANDFÖNG Á BARKAKLIPPUM
BRÝNI KAMBA OG HNÍFA

GUÐMUNDUR HALLGRÍMSSON
HAGATÚNI - HVANNEYRI - 311 BORGARNES
SÍMI 437 0099 EFTIR KL. 19.30

Ert þú að hugleiða endurfjármögnun lána?

Leitaðu til Sparisjóðsins í þinni heimabyggð og kynntu þér kjörin!



Sparisjóðurinn býður viðskiptavinum endurfjármögnun á eldri lánum

Með lægri vöxtum og lengri lánstíma bjóðast viðskiptavinum Sparisjóðsins betri kjör. Þannig gefst heimilum og fyrirtækjum gott tækifæri til að endurskipuleggja fjármálin.

Við hjá Sparisjóðnum bjóðum viðskiptavinum framúrskarandi og persónulega þjónustu og tryggjum að þeim standi til boða hagstæð kjör á hverjum tíma. Því bjóðum við þér að fara yfir fjármálin og komum með tillögur að heildarlaun fyrir þig.

Kynntu þér kostina!


- Góð vaxtakjör
- Allt að 80% veðhlutfall
- Allt að 30 ára lán



Sexfaldur sigurvegari | ánægðustu viðskiptavinirnir í bankakerfinu síðastliðin 6 ár | spar.is



SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína



ENNEEM / SIA / NM2267

- KB Íbúðalán
- Framkvæmdalán
- Viðskiptareikningur
- Innheimtuþjónusta
- Ábyrgðir
- Atvinnutryggingar VÍS
- Starfsmannatryggingar
- Fjármögnun atvinnutækja
- Kreditkort
- Innlán
- Alhliða fjármála- og tryggingaþjónusta fyrir einstaklinga

Fáðu tilboð í fjármögnun
í næsta útibúi KB banka

KB ATVINNULÍF

Einstök þjónusta fyrir bændur


KB banki býður bændum sérsniðna fjármálaþjónustu fyrir reksturinn. Þjónustufulltrúinn þinn aðstoðar þig við að velja kosti sem samræmast þínum þörfum og hagsmunum.



KB BANKI

- kraftur til þín!

www.kbbanki.is





Í 100 ÁR HEFUR MIKILVÆGASTI HLUTI FRAMLEIÐSLU SS FARIÐ FRAM UNDIR BERUM HIMNI

Uppistaðan í hráefninu sem SS notar í matvælaframleiðslu sína er upprunnin í hreinni náttúru Íslands. Frá stofnun fyrirtækisins 28. janúar árið 1907 hefur það verið í fararbroddi á sviði matvælaframleiðslu.

SS er félag í eigu bænda og þakkar öllum framleiðendum fyrir göfugt ræktunarstarf á liðnum árum.

